

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**
www.vverk.is Sími: 456 6600

Hábrýstipvottur
Kjarnaborun
Steinsögun

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsúmsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is

Landsbankinn
Símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er
410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

BÆJARINS BESTA
Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 2. ágúst 2007 · 31. tbl. · 24. árg.

**Vestfirðingar
eiga ekki að
láta bjóða sér
hvað sem er**



– sjá viðtal í miðopnu við leikarann
Pálma Gestsson sem er Vestfirðingur í
húð og hár, með sterkar skoðanir á
kvótakerfinu og uppbyggingu Vestfjarða



Bakkavík í Bolungarvík.

Bakkavík hættir vinnslu tímabundið

Stjórn Bakkavíkur í Bolungarvík ákvað á fundi á föstudag að stoppa rækjuvinnslu tímabundið meðan verið er að tryggja vinnslunni hráefnis til a.m.k. þriggja mánaða. Þriggja mánaða hráefnisbirgðir eru um það bil 1.500 tonn. Taka því uppsagnir 12 starfsmann gildi nú um

n.k. mánaðamót. Enn eru 14 starfsmenn starfandi í fyrirtækinu sem ekki hefur verið sagt upp. Starfsfólki hefur verið tilkynnt um þessa ákvörðun.

Stjórnendur fyrirtækisins vonast til að vinnsla geti hafist að nýju eigi síðar en um næstu mánaðamót, ef það gengur

eftir þarf að ráða 14-16 starfsmenn. Í dag er verið að landa 400-450 tonnum af rækju í Bolungarvík til vinnslu hjá Bakkavík. Þetta kemur fram í tilkynningu frá fyrirtækinu. Í lok apríl sagði Bakkavík upp 48 starfsmönnum í landvinnslu. Ástæða þeirra voru langvarandi erfiðleikar í rækjuvinnslu.

Rangar upplýsingar hafa tafið útköll

Upp á síðkastið hefur nokkuð borið á því að rangar upplýsingar til lögreglu- og sjúkráflutningamanna hafi valdið töfum í útköllum, nú síðast um helgina þegar bifhjólalýs varð í Dagverðardal. Fyrstu upplýsingar gáfu til kynna að slysið hefði verið á Botnsheiði og fóru lögreglumenn því í gegnum Vestfjarðagöng. Þetta var leiðrétt stuttu síðar og sjúkrabíll fór frá Ísafirði sem leið lá upp Dagverðardal.

Þá hefur það gerst að minnsta kosti í tvígang að sjúkráflutningamenn hafa verið kallaðir að heimilisfangi á Ísafirði, þegar neyðin er í samnefndri götu í öðrum þéttbýliskjarna Ísafjarðarbæjar. Vilja sumir meina að vanþekking starfsmanna Neyðarlínunnar á staðhættum valdi þessum miskilningi, en aðspurður tekur Önnundur Jónsson, yfirlögregluþjónn Lögreglunnar á Vestfjörðum, ekki undir þær

raddir. „Þeir sem hringja í Neyðarlínuna eru skiljanlega oft í miklu uppnámi og gefa ekki nógu nákvæmar upplýsingar. Neyðarlínan þarf kannski betur að brýna fyrir fólki að gefa nákvæmar upplýsingar um staðsetningu, en ég vil ekki kenna þekkingarleysi starfsmanna um“, segir Önnundur.

Ekki náðist í Þórhall Ólafsson, forstjóra Neyðarlínunnar við vinnslu þessarar fréttar.



Nemendum í MÍ fjölga

Alls eru 307 nemendur skráðir til náms á haustönn við Menntaskólann á Ísafirði og eru það töluvert fleiri en voru skráðir á sama tíma í fyrra. Þá höfðu 280 nemendur skráð sig í dagskóla um mitt sumar. Alls bárust 86 umsóknir um nýskráningu í skólann.

Nýnemar úr grunnskóla eru 54, sjö koma með mat úr öðrum skólum og 25 endurinnrita sig eftir hlé frá námi hér. Lokatölur um fjölda nemenda munu þó ekki liggja fyrir fyrir en í ágúst þar sem nemendur í kvöldskóla og þeir sem eru að snúa aftur til náms innrita sig yfirleitt frekar seint.

315 nemendur hófu nám þegar skólinn var settur ágúst sl. og þar af 71 nýnemi. Þá fækkaði nemendum í MÍ um tæplega 13% á milli árunna 2005-2006 samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands. Enn meiri fækkun var frá árinu 2004 til 2005, en fyrrnefnda árið voru 438 nemendur skráðir í MÍ, og 289 það síðara og er fækkunin 22% á milli ára. Árið 2004 voru dagskólanemendur 339 en voru 298 árið 2005.

Menntaskólinn á Ísafirði verður settur í 38. sinn þann 22. ágúst.

Litill heimur ... hugsum stórt

EIMSKIP
www.eimskip.is

Dagurinn í dag

2. ágúst 2007 – 214. dagur ársins

Þennan dag árið 1969 sprakk vitinn á Gjögurtá við Eyjafjörð í loft upp þegar nýlokið var að endurnýja gasbirgðirnar. Tveir menn voru hætt komnir. Þennan dag árið 1988 fórst kanadísk flugvél í aðflugi að Reykjavíkurlugvelli. Hún skall til jarðar aðeins fimmtíu metrum sunnan Hringbrautar. Þrjú menn létust.

Ráðist tvisvar á mann á heimili hans

Ráðist var á mann í tvígang á heimili hans á Ísafirði aðfaranótt laugardags. Tveir menn reyndu að komast í samkvæmi en húsráðandi neitaði þeim inngöngu. Annar aðillinn tók sig þá til og sló húsráðanda í andlit, en hinn réðist að eiginkonunni og hrinti henni. Að svo búnu fóru mennirnir á braut. Þeim fannst ekki nóg að gert og mættu aftur á staðinn klukkutíma seinna og réðust aftur að húsráðanda, börðu og spörkuðu í hann áður en þeir hlupu af vettvangi. Aðfaranótt sunnudags var framin önnur líkamsárás þar sem ungur maður réðist að enn yngri manni og sló hann í andlit með flösku. Að því er fram kemur í dagbók lögreglunnar eru áverkarnir ekki miklir, en verknáðurinn alvarlegur.



Bátar í misjöfnu ástandi og ýmiskonar drasl blasa við ferðamönnum skemmtiferðaskipa.

Ferðamenn þola að sjá út á hvað lífið gengur í sjávarplássi

Það stingur í augun að sjá báta í misjöfnu ásigkomulagi við hafnarkantinn sem skemmtiferðaskipin leggja upp að. Guð-

mundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að bátarnir séu hluti að því að búa í útgerðarbæ. „Einvers-

staðar verða þeir að vera. Fólk man kannski að þeir voru ofar en það var fundið að því“, segir Guðmundur. Hann segir að

það megi alltaf deila um hvort að betri staðir séu til. „Reyndar held ég að farþegar skemmtiferðaskipa þoli að sjá út á hvað lífið gengur í sjávarplássi.“ Ísafjarðarhöfn hefur ekki leyfi til að farga bátum, þó þeir líti illa út og séu jafnvel óhættir og líta út eins og hvert annað drasl. „Við

rúkkum fyrir þetta svokolluð uppsátursgjöld og það eru tekjur fyrir hofnina.“ Bent hefur verið á að bátarnir gætu verið á Suðurtanga en Guðmundur segir að vegurinn þangað þoli ekki umferð stóra lyftarans sem er notaður til að flytja þessa báta. – smari@bb.is

Elías ráðinn til Vesturferða

Á fundi stjórnar Vesturferða á mánudag var ákveðið að fela stjórnarformanni að ganga til samninga við Elías Oddsson um að hann verði ráðinn framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar.

Gylfi Ólafsson, sem gegnt hefur starfinu síðan á vordögum 2006, heldur til Spánar til starfa og náms í byrjun október. Elías mun hefja störf á næstu vikum og vinna samhliða Gylfa fram að framkvæmdastjórnarskiptunum, sem munu verða 1. október.

Elías Oddsson er borinn og barnfæddur Ísfröðingur, fæddur 1. desember 1956. Hann er iðnfröðingur að mennt, en er á lokasprettinum í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri á ferðamálasviði. Gylfi Ólafsson er grunnskólakennari B.Ed. frá Háskólanum á Akureyri og starfaði hjá Vesturferðum meðfram skólaþangað til hann tók við rekstri fyrirtækisins.

Vesturferðir voru stofnaðar 1993 og hafa æ síðan unnið að markaðssetningu og þróun ferða um Vestfirði, með megináherslu á Vigur, Hornstrandir og stór-Ísafjarðarsvæðið. Þá er móttaka skemmtiferðaskipa snar þáttur í rekstri skrifstofunnar.

Framkvæmdastjóri er einn starfsmanna yfir veturinn, en hefur að jafnaði 3 starfsmenn sér til fulltingis yfir sumartímann, auk þess að vera með leiðsögumenn og annað lausafólk á sínum snærum.

Ellefu sóttu um starf menningarfulltrúa

Ellefu umsóknir bárust um starf menningarfulltrúa Vestfjarða þegar umsóknarfrestur rann út þann 20. júlí síðastliðinn. Á fundi Menningarráðs Vestfjarða þann 24. júlí var ákveðið að leita til Capacent-Gallup um frumúrval umsóknanna. Mun Capacent taka fyrstu viðtöl við umsækjendur og gera tillögu til Menningarráðs um 3–4 hæfustu umsækjendur. Það mun svo koma til kasta ráðsins að taka ákvörðun um ráðninguna, líklega í byrjun ágúst.

Um er að ræða fullt starf sem komið er á fót í kjölfar nýgerðs menningarsamnings á milli menntamálaráðuneytisins, samgönguráðuneytisins og sveitarfél-

laga á Vestfjörðum. Starfssvið menningarfulltrúa er dagleg umsýsla fyrir Menningarráð Vestfjarða, þróunarstarf í menningarmálum, efling samstarfs á sviði menningarmála og fagleg ráðgjöf og verkefnastjórnun. Gert er ráð fyrir að frumúrvalandi séu með háskólaþróf eða annað sambærilegt nám sem nýtist í starfi. Að auki þurfa skipulags- og stjórnunarhæfileikar umsækjenda að vera í góðu lagi.

Þeir sem sóttu um starfið innan uppgöfins umsóknarfrests eru:

Auður Ágústsdóttir, nemi í lista og fjölmiðlafræði, Reykjavík.

Brynja Bjarnfjörð Magnúsdóttir, blaðamaður, Reykjavík.

Finnbogi Kristjánsson, fv. fasteignasali, Reykjavík.

Friðrika Benónýsdóttir, blaðamaður, Reykjavík.

Guðbjörg Halla Magnadóttir, kennari, Ísafirði.

Guðrún Svava Guðmundsdóttir, BA í mannfræði, Reykjavík.

Hjördís Garðarsdóttir, ferðamálafræðingur, Akranesi.

Jón Jónsson, þjóðfræðingur og framkvæmdastjóri, Steingrímsfirði.

Margrét Ákadóttir, leikari og listmeðferðarfræðingur, Reykjavík.

Maria Ragnarsdóttir, kennari, Patreksfirði.

Pjetur Stefánsson, myndlistarmaður, Reykjavík.

– smari@bb.is

„Höfum við ekki fengið eina einustu athugasemd“

Þórhallur Ólafsson, forstjóri Neyðarlínunnar hf., segir það rangt að vankunnáttu starfsmanna sinna á staðhátum á Vestfjörðum hafi nokkurn tímann valdið því að útköll hafi tafist. Að honum vitandi hafi ekki ein einasta athugasemd borist að vestan og segir hann þessar fréttir koma honum í opna skjöldu.

„Við erum með mjög öflugt gæðaeftirlit og það er alveg skýr farvegur fyrir athugasemdir af þessu tagi. Ég tek þetta mjög alvarlega, en að mér vitandi höfum við ekki fengið eina einustu athugasemd frá aðilum fyrir vestan“,

segir Þórhallur. Segir hann það varla geta staðist að sjúkraflutningamenn hafi verið sendir á heimilisfang í vitlausum bæjarkjarna. „Þegar hringt er úr fóstum síma í Neyðarlínuna birtist blár blettur á korti sem sýnir nákvæmlega hvaðan er hringt. Sé hringt úr GSM síma, fáum við upplýsingar um það úr hvaða sendi hringingin kemur og fáum grófa stefnu út frá sendinum. Um leið og það gerist skilgreinir tölvuforrit sjálfkrafa hvaða viðbragðsaðilar sinna þessu svæði. Svo boðum við sjúkrabil og sendum upplýsingar til Fjarskipta-

miðstöðvar lögreglu.“

Neyðarlínan hefur sem kunnugt er opnað starfstöð á Akureyri og aðspurður segir Þórhallur það vel koma til greina að koma upp starfsemi á Vestfjörðum. „Það hefur komið til umræðu og málið hefur verið rætt með Birnu Lárusdóttur, bæjarfulltrúa á Ísafirði. Málið er á umræðustigi, en það er mjög mikilvægt að það séu aðilar á svæðinu sem halda utan um boðun og viðbragðsáætlanir og sjái um upplýsingar í gagna-grunni“, segir Þórhallur.

Sjá einnig frétt á baksíðu.

– halfdan@bb.is

Annríki hjá lögreglunni á Vestfjörðum

Nú umferðaróhöpp voru tilkynnt til lögreglunnar á Vestfjörðum í síðustu viku. Á tólfta tím-anum á fostudagskvöld var tilkynnt til lögreglu um að bifreið hafi verið ekið á gám á athafnasvæði Eimskipa á Ísafirði og okumaðurinn væri stunginn af. Lögreglan leitaði okumannsins og hafði upplýsingar um hvern var að ræða. Síðar um nóttina gaf okumaður sig fram og

reyndist vera olvaður. Viðurkenndi hann að hafa verið drukinn er hann ók á gáminn. Okuskírteini hans var þá rétt rúmlega mánaðar gamalt. Á laugardagsmorgun var tilkynnt um bifreið utan vegar í Tálknafirði og líklegur okumaður á hlaupum um tún við sveitabæ þar skammt frá. Lögreglumenn handtóku konu rúmlega fimmtuga, þar sem hún lá á túninu en

hún var grunuð um að vera olvuð við akstur. Á laugardag datt maður af mótórhjóli þar sem hann var á ferð á gomlu Breiðaldalsheiðinni við vegamótin að Botnsheiði. Meiddist hann í baki, en ekki er talið að um alvarleg meiðsli sé að ræða. Á miðvikudag hjólaði barn á bifreið á gatnamótum Túngotu og Hallabrekku á Ísafirði. Meiðsli barnsins voru minni háttar.



Í vikunni var ekið á lamb á Djúpvegi við Arnardal, annað lamb úti á Arnarnesi og það þriðja við brúna yfir Þorska-

fjarðará. 14 okumenn voru kærðir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum í vikunni. Einn þessara oku-

manna var sviptur okurétti en hann ók bifreið sinni á 80 km á klst. þar sem 35 km á klst. er leyfður.

Olíuhreinsistöð: Lóðir í Arnarfirði og Dýrafirði skoðaðar

Fjórðungssamband Vestfirðinga er að láta skoða tvær lóðir vegna hugsanlegrar olíuhreinsistöðvar á Vestfjörðum, annars vegar í landi Hvestu í Arnarfirði og hins vegar í landi Sanda og Hóla í Dýrafirði, en jarðirnar Sandar og Hólar eru samliggjandi og eru Sandar í eigu Ísafjarðarbæjar. Þetta kom fram í Morgunblaðinu í

síðustu viku. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins, sagði að einungis væri um forathugun að ræða. Hann sagði að engar stóriðjulóðir hefðu til þessa verið skilgreindar á Vestfjörðum. Stóriðjunefnd hefði á sínum tíma sneitt hjá landshlutanum. Þegar hugmyndir um olíu-

hreinsistöð voru kynntar í vor sem leið hefði ver leitað til stjórnvalda um fjármagn til að kosta leið að mögulegum lóðum fyrir slíka starfsemi. Í upphafi komu til greina þrjár staðir í Arnarfirði og tveir í Dýrafirði. Eftir forakönnun var leitað til fjögurra landeigenda um hvort þeir vildu láta land af hendi undir stóriðnað.

Landeigendur Hvestu annars vegar og Sanda og Hóla hins vegar lýstu vilja til frekari viðræðna, ef af yrði, og því eru þær lóðir skoðaðar nú.

Aðalsteinn sagði að meðal annars yrði kannað hvort fornminjar, náttúruvættir, gróðurfar eða dýralíf kynnu að hindra leyfisveitingar eða framkvæmdir á umræddum lóðum.

Lóðirnar voru aðallega valdar með tilliti til stærðar og legu landsins. Talið er að olíuhreinsistöð þurfi að minnsta kosti 1,6 ferkílómetra stóra lóð og þarf landið að vera nokkuð flatt. Þá verða gerðar dýptarmælingar fyrir landi lóðanna í ágúst næstkomandi vegna hafnarmannvirkja fyrir slíka starfsemi. Jafnframt verður

unnin skýrsla um samfélagsleg áhrif stórfyrirtækis á Vestfirðum. Þar verður meðal annars safnað upplýsingum um samfélagsgerð, samgöngur og fleira í þeim dúr.

Aðalsteinn sagði að eftir þessa skoðun mundi Fjórðungssambandið að minnsta kosti eiga skýrslu um mögulegar lóðir undir stóriðnað.

„Hver á að hreinsa upp olíuna eftir andstæðinga olíuhreinsistöðvar“

Konráð Eggertsson, hrefnuveiðimaður á Ísafirði, segir að sínu mati megi þeir sem segjast frekar vilja svelta en að fá olíuhreinsistöð á Vestfirði bara svelta. Konráð segist taka undir með Flosa Jakobsyni, útgerðarmanni í Bolungarvík, í grein sem birtist í síðasta BB þar sem hann segir tal þeirra bæjarfulltrúa sem mæla á móti olíuhreinsistöð vera ábyrgðarlaust.

„Ég vil segja við þá sem eru á móti olíuhreinsistöð að þeir hljóta að vera öruggir með vinnuna sína og hugsa ekki til hinna. Ég vil spyrja þá sem eru á móti fyrirhugaðri stöð hvort þeir ætli að hætta að nota bíla og flugvélar eða ekki. Hver á þá að hreinsa olíuna eftir þá og hvar á að skilja eftir mengunina. Ég vil koma þeim skilaboðum til Ómars Ragnarssonar og Hermanns Gunnarssonar að láta okkur á Vestfjörðum í friði, ef þeir vilja stoppa það að við fáum atvinnu til okkar skuli þeir

flytja til okkar fyrst“, segir Konráð.

Konráð vill einnig minnst á þáttinn „Í vikulokin“ sem sendur var út hjá Svæðisútvarpinu á Ísafirði á dögnum þar sem Anna Guðrún Edvardsdóttir, forseti bæjarstjórnar í Bolungarvík, Gylfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Vesturferða á Ísafirði og Þórhallur Arason, nýsköpunar- og þróunarstjóri Vísis á Þingeyri spjölluðum meðal annars um það hitamál sem olíuhreinsistöðin er. „Anna og Gylfi komu mjög málefnalega fyrir en ég vil spyrja Þórhall sem sagðist hafa mjög gaman af því að keyra út um allt land hver eigi að hreinsa upp skítinn sem af því hlýst. Hann sagði í þættinum að hann væri ekki öfgamaður eða afturhaldsseggur en ég segi að hann sé bæði. Að mínu mati mega þeir sem lýsa því yfir að þeir vilji frekar svelta en að fá olíuhreinsistöð skuli bara gera það.“ — thelma@bb.is



Konráð Eggertsson hrefnuveiðimaður á Ísafirði.



GODI

25% afsláttur

1.899 kr/kg
Verð áður 2.550 kr/kg

Svinalundir úr kjötborði *

Tilboð um verslunarmannahelgina

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 2. ágúst - 5. ágúst

| | | | | | |
|---|---|--|--|---|---|
|  | <p>299 kr Verð áður 448 kr</p> <p>GODI</p> <p>Vinarplysur 10 stk</p> |  | <p>1.069 kr/kg Verð áður 1.527 kr/kg</p> <p>30% afsláttur</p> <p>Grísakótleittur Mediterranean</p> |  | <p>1.759 kr/kg Verð áður 2.515 kr/kg</p> <p>30% afsláttur</p> <p>Kjúklingabringur magnpakki</p> |
|  | <p>169 kr Verð áður 252 kr</p> <p>Stjörnu partýsnakk</p> |  | <p>179 kr Verð áður 243 kr</p> <p>Doritos Cool American og Nacho Cheese</p> <p>109 kr Verð áður 169 kr</p> <p>Pepsi Max 2L</p> |  | <p>49 kr Verð áður 85 kr</p> <p>Maryland kex</p> |
|  | <p>529 kr Verð áður 769 kr</p> <p>Kók 4 x 2 lítrar</p> <p>529 kr Verð áður 692 kr</p> <p>Kók light 4 x 2 lítrar</p> |  | <p>99 kr</p> <p>Viscount og Toffypops</p> |  | <p>129 kr/kg Verð áður 179 kr</p> <p>Melóna gul</p> <p>189 kr Verð áður 329 kr</p> <p>Nektarinur</p> <p>199 kr Verð áður 375 kr</p> <p>Ferskjur 1 kg askja</p> |

Samkaup úrval

Höfða mál gegn umhverfisráðherra

Landeigendur, Náttúruverndarsamtök Íslands og Fuglaverndarfélag Íslands hafa ákveðið að höfða mál gegn umhverfisráðherra þar sem látið verður á það reyna hvort fyrrverandi umhverfisráðherra hafi brotið lög er hún féllst á veglagningu Vestfjarðavegar 60 í gegnum Teigsskóg. Í úrskurði sínum frá 5. janúar s.l. féllst ráðherra á þann kost veglagningar frá Þórisstöðum til Krakár sem stefnendur og flestir þeir sem komið hafa að málinu eru sammála um að hafi í för með gríðarleg óafturkræfumhverfisspjöll í nær ósnortnu umhverfi. Í fréttatilkynningu frá stefnendum kemur fram að málavextir eru þeir að eftir áratugalanga baráttu var ákveðið að fara í endurbætur Vestfjarðavegar um sunnanverðra Vestfirði.

„Í matsskýrslu Vegagerðarinnar voru lagðar fram þrjár mögulegar leiðir við lagningu annars áfanga Vestfjarðavegar milli Þórisstaða í Þorskafirði og Krakár á Skálanesi. Skipulagsstofnun lagðist í úrskurði sínum gegn þeim kosti sem gerir ráð fyrir veglagningu um land Grafar, Teigsskóg og Hallsteinsnes með þverun Djúpaþjarðar og Gufufjarðar vegna umhverfisáhrifa, en taldi leiðina sem fylgir núverandi vegi yfir Hjallaháls með verulegum endurbótum þar og nýjum vegi frá Djúpaþirði og yfir Ódrjúgsháls og Gufufjörð innanverðan heppilegustu leiðina. Í samanburðinum væru báðar leiðir ásættanlegar með tilliti til umferðaröryggis og vegtækni. Leiðin yfir Hjallaháls væri hins vegar mun ódýrari enda þótt leiðin um

Teigsskóg væri nokkuð styttri þegar litið væri til vegarins í heild.

Ráðherra umhverfismála féllst úr gildi úrskurð Skipulagsstofnunar og féllst á að fara með veginn um Teigsskóg enda þótt megin hluti leiðarinnar fari í gegnum verndarsvæði. Þannig er vesturströnd Þorskafjarðar, fjörur, fitjar og sjávartjarnir í Djúpaþirði á náttúruminjaskrá. Það sama á við um skóglendið á norðurströnd Þorskafjarðar, Teigsskóg. Þá njóta allar eyjar og fjörur á framkvæmdasvæðinu verndar laga nr. 54/1995 um vernd Breiðaþjarðar og sjávarfitjar og leirur falla undir náttúruverndarlög nr. 44/1999 sem vistkerfi sem skuli njóta sérstakrar verndar.

Hlíðin sem myndar Teigsskóg er víðast vaxin náttúrulegum birkiskógi milli fjalls og fjöru og myndar ásamt fjörinni landslagsheild sem er einstök fyrir það hversu lítt áberandi mannvirki og áhrif nýtingar eru þar. Skógurinn nýtur sérstöðu á Vestfjörðum og landinu í heild. Náttúrustofa Vestfjarða of fleiri hefur varað við því að áhrifa framkvæmdarinnar muni gæta í öllum skóginum enda sé hann víðast aðeins 200-500 m breiður og því muni vegstæði um hann endilangan hafa veruleg áhrif á það sem eftir stendur. Að mati vistfræðinga verður ekki komið við mótvægisáðgerðum, enda er nýr skógur ekki sambærilegur við þann skóg sem eytt er, hvorki hvað varðar gerð eða arfleifið en talið er að birkiskógurinn sé allt frá landnámsöld. Þá má nefna fjölda ókannaðra fornminja, einkum á Grónesi og

Hallsteinsnesshlíð.

Veglagning um Teigsskóg með þverun Djúpaþjarðar mun leggja arnarsetrin rómuðu í verulega hættu en þau njóta verndar laga um vernd, friðun

og veiðar á villtum fuglum nr. 64/1994. Þau hafa átt ríkan þátt í að viðhalda arnarstofninum á Breiðaþirði. Ónefnd eru áhrif framkvæmdarinnar á aðra atvinnuvegi héraðsins

svo sem á þangnámið í Reykhólasveit og uppbyggingu ferðamennsku. Stefnendur taka undir ályktun aðalfundar Landverndar frá 5. maí 2007 þar sem mælt er með því að

jarðgöng undir Hjallahólsverði í forgangi í stað vegar út um Teigsskóg og þverunar fjarðarmynna í Djúpaþirði og Gufufirði,” að því er segir í fréttatilkynningu.

NÝSKÖPUNARMÍÐSTÖÐ ÍSLANDS mun taka til starfa 1. ágúst næstkomandi.

Hlutverk hennar er að hvetja til nýsköpunar og styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs með því að stunda tæknirannsóknir, miðla þekkingu og veita stuðningsþjónustu fyrir frumkvöðla og sprota- og nýsköpunarfyrirtæki.

IMPRA er hluti Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Impra veitir upplýsingar og stuðning í tengslum við viðskiptahugmyndir og stofnun og rekstur fyrirtækja. Á vegum Impru er rekinn fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpun, þekkingu og uppbyggingu frumkvöðlastarfs.

Í FARARBRÖDDI TIL FRAMTÍÐAR

Áhugaverð störf í boði fyrir fólk með framtíðarsýn

Vegna opunar starfsstöðvar á Ísafirði auglýsir Impra eftir tveimur verkefnisstjórum

Starfssvið

Umsjón með framkvæmd, þróun og eftirfylgni verkefna og fræðslustarfs. Handleiðsla í tengslum við stofnun og rekstur lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta, stjórnunar eða á sambærilegu sviði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking og reynsla af íslensku atvinnulífi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Frumkvæði og dugnaður
- Færni í töluðu og rituðu máli
- Færni í ensku og einu Norðurlandamáli

Upplýsingar um starfið veitir Berglind Hallgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Impru. Fyrirspurnum má beina á netfangið berglinhd@iti.is

Óskað er eftir umsóknum frá konum jafnt sem körlum. Umsóknum skal skila fyrir 15. ágúst til Hallfríðar Benediktsdóttur, upplýsingafulltrúa Impru, á netfangið hallfridurb@iti.is



Séð yfir Þorskafjörð.

Sumarlokun HG

Sumarlokun Hraðfrystihússins – Gunnvarar er hafin. Mörg undanfarin ár hefur fyrirtækinu verið lokað í kringum verslunarmannahelgi. Er þá tækifærið notað til að dytta að bæði húsum og skipum fyrirtækisins.

Sverrir Pétursson, útgerð-

arstjóri HG, segir að verið sé að mála togarann Pál Pálsson sem liggur í Ísafjarðarhöfn auk annarra tilfallandi verkefna. Frystitogari Júlíus Geirmundsson fór á veiðar í síðustu viku eftir að hafa verið í slipp í Reykjavík í nokkrar vikur. – smari@bb.is



impra

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Keldnaholti • 112 Reykjavík • Sími 570 7100 • Fax 570 7111 • www.impra.is
Borgum við Norðurlóð • 600 Akureyri • Sími 460 7970 • Fax 460 7971 • www.impra.is

Ferðamaður fannst við veiðar eftir leit

Landhelgisgæslan kallaði út þrjú björgunarbáta um klukkan eitt eftir miðnætti aðfaranótt mánudags til leitar að þýskum ferðamanni sem hafði farið út frá Suðureyri við Súgandafjörð á frístunda fiskveiðibát án þess að láta vita af sér. Maðurinn fannst fljótt og engan sakaði. Maðurinn sagði að honum hefði þótt veðrið fallegt og ákveðið að fara út að veiða á bát sem leigður er út til sjóstangaveiði. Hann lét ekki vita af sér eins og skylt er að gera og því var björgunarlið ræst út að sögn lögreglu á Ísafirði.

Ritstjórnargrein

Klapp á bakið

Nú er miðsumar og mánuðurinn með gamla góða nafninu Heyannir byrjaður. Í samfélagi Íslendinga á fyrri öldum var þetta í meira lagi annasamur tími. Nafngiftin ber með sér að þá hafi flest annað en að afla bústofninum fanga fyrir veturinn hafi setið á hakanum.

Þótt fæstir íbúa gamla Fróns séu lengur bundir þeim störfum sem draga má af heiti mánaðarins er ljóst að miklar annir hafa eigi að síður verið hjá starfsmönnum tæknideildar Ísafjarðarbæjar undanfarið. Meira að segja svo miklar að þeir gátu ómögulega fundið sér tíma fyrir spásittur um bæinn til að huga að því hvort einstaklingar eða fyrirtæki væru þess verð að fá rós í hnappgatið fyrir að hlúa að nánasta umhverfi sínu og leggja þar með sitt af mörkum til að auðga og fegra þá heildarmynd sem felst í hugtakinu Ísafjarðarbær og nágrenni. Nei. Það er búið að vera svo mikið að gera þar á bæ að það verða engin umhverfisverðlaun veitt annað árið í röð. Árið 2005 hlutu Bókhláðan á Ísafirði og Gámaþjónusta Vestfjarða verðlaunin, en árið 2004 var leikreglum breytt í þá veru að fyrirtæki og sveitabæir komu þá jafnt til greina og einstaklingar.

Umbúðalaust þá fer það ekki á milli mála að sinnuleysið sem opinberast í þeirri ákvörðun bæjaryfirvalda að fella umhverfisverðlaunin niður er stórt skref aftur á bak. Ekki stórt vegna þess að þar sé um mikla fjármuni að tefla, heldur hins að með því eru stjórnvöld bæjarins að lýsa því yfir að þau sjái ekki ástæðu til að örva hinn almenna bæjarbúa til að gera fallegan bæ enn fallegrí. Og því miður hangir fleira á spýtnni. Þótt eflaust sé það ekki ætlunin þá er með þessu verið að draga úr væntumþykju íbúanna á bæjarfélaginu; nokkru sem okkur veitir svo sannarlega ekki af á þessum síðustu og að margra mati verstu tímum.

Bæjarins besta hefur margsinnis sagt það vera eitt helsta hlutverk bæjaryfirvalda að greiða götu nýrra fyrirtækja til bæjarins og hlúa að öllum þeim sprotum sem hér kunna að skjóta upp kollinum. Þótt vissulega hafi verið hoggjóð skarð í hátækniiðnað sem hér hafði þróast af áráði og framsýni árum saman og náð sessi á erlendum mörkuðum, þá er engan veginn öll nótt úti í þeim efnum. Dæmi þar um er framleiðsla á fluguveiðihjólínu Wish. Um það má segja að mjór er mikils vísir; nokkuð sem hlúa verður að.

Bæjaryfirvöld eiga og verða að hafa dug í sér til að styðja við bakið á hverju og einu sem verða má til framfara og farsældar fyrir bæjarfélagið. Sama í hvaða mynd það er. Klapp á bakið kostar ekki mikla peninga. Að gera það ekki getur orðið dýrkeyptara. Hvatning sem skilar okkur fram á veginn er í öllum tilfellum af hinu góða. Sparnaður eða dugleysi bæjaryfirvalda í veitingu umhverfisverðlauna á sér enga vörn.

s.h.

Á þessum degi fyrir 39 árum

Sjónvarpið byrjaði aftur lítt breytt

Sjónvarpið hefur aftur útsendingar í kvöld, eftir mánaðarhlé vegna sumarleyfa. Hefst útsending kl. 8 með fréttum, þar sem m.a. verður sýnd kvikmynd frá embættistöku forseta Íslands, herra Kristjáns Eldjárn. Þá svarar Halldór Pálsson, búnaðarmálastjóri spurningum blaðamanna, Indriða G. Þorsteinssonar og Valdimars Jóhannessonar. Þá er fræðslumynd um öld vísundanna, kvikmyndin Dýrlingurinn og norrænir barnakórar á móti í Helsinki, sem börn úr Hafnarfirði tóku þátt í.

Pétur Guðfinnsson, framkvæmdastjóri Sjónvarps, sagði Mbl. Í gær, að næstu tvo mánuði yrði ekki miklar nýjungar í dagskrá sjónvarpsins, en reiknað væri með að endurnýja dagskrána og gefa henni ferskari blæ fyrir veturinn eða 1. október. Ágúst og september yrðu því svipaðir að efni og máli og júní voru.

Rögvaldur braut 70 högga múrinn

Rögvaldur Magnússon kyllingur úr GBO sló vallarmetið á Syðridalsvelli í Bolungarvík á Bakkavíkurmótinu á sunnudag. Rögvaldur lék á 68 höggum sem er þrjú högg undir pari vallar. Hann bætti eldra metið um tvö högg sem hann átti sjálfur ásamt félagi sínum úr GBO, Chatchai Phothiya. Ekki er hægt að segja að Rögvaldur hafi fengið óskabyrjun á hringnum því hann lék fyrstu holuna á tveimur yfir pari. Hann missteig sig hins vegar ekkert eftir það og nældi sér í fimm fugla. Fyrri níu holurnar lék hann á 37 höggum og hinar síðari á 32 en Syðridalsvöllur er 18 teiga völlum.



Benedikt Sigurðsson og Árni Heiðar Ívarsson syntu yfir Pollinn á Ísafirði til að vekja athygli á þörf fyrir nýja sundlaug í bænum.

Syntu fyrir nýrri sundlaug

Benedikt Sigurðsson og Árni Heiðar Ívarsson, áhugamenn um bættu sundaðstöðu á Ísafirði, syntu yfir Pollinn á Ísafirði á sundskýlu á föstudag til að vekja athygli á þrengslum í sundlaug bæjarins. Sigurður Bjarni Benediktsson og Vigdís Pála Halldórsdóttir fylgdu þeim eftir í blautbúning auk þess sem léttabátur var til

taks.

„Framtakið heppnaðist vel og við vorum mjög ánægðir. Það kom mér eiginlega á óvart hversu margir komu til þess að fylgjast með og styðja okkur en ég hefði viljað sjá einhvern fulltrúa bæjarstjórnar“, segir Benedikt. Markmiðið með sundinu var að sögn sundgarpanna að vekja athygli

á því að langt er síðan Ísfirðingum var lofað 25 metra laug og það sé til skammar að ekki skuli vera mannsæmandi aðstaða fyrir almenning til sundiðkunar í stóru bæjarfélagi eins og Ísafirði. Benedikt er yfirþjálfari Sundfélagsins Vestra sem hefur æft í Sundhöllinni um árabíl og Árni Heiðar Ívarsson er íþróttakennari hjá

Grunnskólanum á Ísafirði og einkaþjálfari.

Þegar Benedikt og Árni Heiðar komu aftur á þurrt land var þeim tilkynnt að sundaáhugamenn hefðu fengið þá hugmynd að setja á stofn styrktarsjóð fyrir bættu sundaðstöðu á Ísafirði. Búist er við að verkefninu verði hrint í framkvæmd með haustdögum.



Fjöldmenn fylgdist með sundinu.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564
 Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is – Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, tinna@bb.is – Smári Karlsson, sími 866 7604, smari@bb.is · Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is. Ritstjóri netútgáfu bb.is:
 Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is
 Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.
 Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X

Bresk fjallabjörgunarveit á Ísafirði

Bresk fjallabjörgunarveit er í heimsókn hjá unglingsdeild Björgunarfélags Ísafjarðar. Er sveitin að endurgjalda heimsókn Ísfríðinganna frá því í fyrra en þá fór unglingsdeildin til Bretlands. Undanfarna daga hafa Bretarnir verið á Snæfellsnesi. Sú krafa var gerð af hendi þeirra að gengið yrði á Snæfellsjökul, því þau sjá ekki snjó oft þar sem þau búa. Á Ísafirði voru þeim kennd handbrögð við sjóbjörgun enda algjörir grænjaxlar í þeim efnunum. Björgunar-sveitin breska er staðsett langt inni í landi og kemur aldrei nálægt sjó.

Barn hjólaði á bifreið

Barn á reiðhjól hjólaði á bifreið á Ísafirði um miðja síðustu viku. Tvær stúlkur voru að hjóla niður Hallabrekku og gættu sín ekki á bíl sem kom akandi Túngötuna sem liggur þvert á Hallabrekku. Ökumaðurinn þurfti að snarbremsa er stúlkurnar hjóluðu út á götu á talsverðri ferð en allt kom fyrir ekki og hjólaði önnur stúlkan í hlið bílsins. Farið var með stúlkuna til lækni- og sýkinga en að sögn lögreglunnar á Ísafirði virtist ekki vera um alvarleg meiðsli að ræða. Lögreglan vill þó hvetja foreldra og forráðamenn að brýna fyrir börnum sínum að passa sig á umferðinni en lærdómur vetrarins vill oft gleymast í leik og gleði.



Ísafjarður iðaði af lífi á laugardag en þá voru tæplega tvo þúsund ferðamenn af tveimur skemmtiferðaskipum staddir í bænum. Skipin voru Thomson Spirit sem er tæp 34 þúsund tonn og ber 1.350 farþega, og Princess Danae sem er rúmlega 16 þúsund tonn og rýmir 500 farþega. Það er óhætt að segja að annríki sé við móttöku skemmtiferðaskipa í Ísafjarðarhöfn enda er vertíðin í hámarki. Í síðustu viku komu 3.200 farþegar til Ísafjarðar með skemmtiferðaskipum. Morrinn, atvinnuleikhús ungs fólks í Ísafjarðarbæ, tekur á móti erlendu gestunum með margvíslegu sprelli og er þeim boðið upp á ýmsar skoðunarferðir hjá Vesturferðum.



Slóg á höfninni á Suðureyri.

Slóg á höfninni

Flutningabíll missti fullt kar af slógi á höfnina á Suðureyri á miðvikudag í síðustu viku. Um er að ræða slóg sem var flutt frá Ísafirði til Suðureyri til förgunar. Óánægja er með það fyrirkomulag hjá ferðaþjónustuaðilum á Suðureyri og kvarta þeir undan aðferðunum við það. Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts á Suðureyri, segir aðferðirnar ekki vera upp á það besta. Það komi fyrir að slóg lendi á bryggjunni og því þá skolað í höfnina. Hann segir slógið, og þá sérstaklega lifrina, festast utan á stiga, dekk og báta sem eru í höfninni með verulegum óþægindum fyrir þá sem hana nota.

Atvikið var tilkynnt til lögreglu og segir Elías þetta vera algjörlega á skjön við lög og reglugerðir. Hann segir íbúa Suðureyri ekki skilja að slógið sé flutt frá

Ísafirði til Suðureyri til förgunar. Það geti allt eins farið í höfnina á Ísafirði. Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segist líta á atvikið sem hvert annað slys. „Það getur verið að bílstjórnin hafi brugðist vitlaust við“, segir Guðmundur. Hann segir það vera leyfilegt að fara með slóg út fyrir þrjár mílur og farga því. „Þetta er lífrænn úrgangur og besta leiðin til að farga slógi er að láta það aftur í sjóinn. Það skiptir engu máli frá hvaða höfn það er gert.“

Að sögn Guðmundar er aðili á Suðureyri sem tekur við slógi til förgunar og hefur lífíbrauð sitt af því. Guðmundur tekur skýrt fram að slóginu sé ekki eytt í höfninni en segir menn sem eru í þessum flutningum eigi að vita hvernig eigi að bera sig að.

Ekki enn búið að úthluta byggðakvóta

Ekki eru nema fimm vikur eftir af yfirstandandi fiskveiðiári og ekki bólar enn á byggðakvótanum. Ómar Mús Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, er ekki ánægður með núgildandi fyrirkomulag úthlutunarinnar og segir betra efsveitarfélögin sjálf sæju um úthlutunina. Að sögn Ómars eru úthlutunarreglur byggðakvótans og ferlið allt, ekki

nógu vel undirbúið frá sjávarútvegsráðuneytinu.

„Ég gerði mér fullkomlega grein fyrir því að upp kæmu álitamál sem skoða þyrfti sérstaklega. Fiskistofa fær þetta í hausinn og treystir sér ekki til að fella endanlegan dóm yfir þessum álitamálum og vísar þeim til ráðuneytisins.“ Sem dæmi um álitamál nefnir Ómar heimahafnir fiskiskipa, en samkvæmt reglugerðinni

þurfa fiskiskip að vera með skráða heimahöfn í viðkomandi sveitarfélagi 1. maí sl.

„Það er mjög ólíklegt að það náist að úthluta byggðakvótanum á fiskveiðiárinu. Nú þarf ráðuneytið að tryggja að kvótinn falli ekki niður dauður. Það er ekki sveitarfélögunum eða útgerðunum að kenna að þetta er komið í óefni.“

Þórður Eyþórsson, deildarstjóri í sjávarútvegsráðuneyt-

inu, segir að Fiskistofa sjái um úthlutunina en kærumál berist til ráðuneytisins. Hann segir að tíminn sé vissulega knappur til að veiða byggðakvótann og að ferlið hafi verið lengra en reiknað var með. Aðspurður hvað verði gert náist ekki að veiða byggðakvótann í segir Þórður að afstaða verði tekin til þess ef af því kemur. – smari@bb.is

Engin umhverfisverðlaun veitt í ár

Umhverfisverðlaun Ísafjarðarbæjar verða ekki veitt í ár. Hjá tæknideild Ísafjarðarbæjar fengust þær upplýsingar að ekki hefði unnist tími til að undirbúa valið og því hafi verið ákveðið að slá valið af í ár. Fram til ársins 2003 voru valdir feegurstu garðar og gotur sveitarfélagsins en sumarið 2004 var fyrirkomulagið endurskoðað og almennar um-

hverfisviðurkenningar til fyrirtækja, einstaklinga og bóndabæja veittar. Síðast voru umhverfisverðlaunin veitt sumarið 2005 en þau hlutu Bókhlaðan á Ísafirði og Gámaþjónusta Vestfjarða. Þess má geta að stoltir garðeigendur á Suðureyri fengu sinn kerf er veitt voru verðlaun fyrir fallegasta garðinn og snyrtilegustu eignina á nýafstaðinni Sæluhelgi.



Sparisjóður Vestfirðinga minnir á sandkastalakeppnina í Holti í Önundarfirði, laugardaginn 4. ágúst kl. 14:00. Allir velkomnir!

Vegleg verðlaun í boði!

Á þriðja hundrað ungra knattspyrnumanna tóku þátt

Rúmlega tvo hundruð ungrir knattspyrnumenn tóku þátt í árvisu Vestfjarðamóti Sparisjóðs Bolungarvíkur og Ungmennafélags Bolungarvíkur um helgina. „Ég er mjög ánægð með það hvernig til tókst“, segir Sólveig Sigurðardóttir, formaður UMFB. „Allt gekk eftir áætlun, okkur leist ekkert á veðrið til að byrja með en það rættist úr því og við fengum sól um leið og útidansleikurinn byrjaði.“

Þátttakendur voru í 4. til 7. flokki karla og kvenna og komu frá Borgarnesi, Bolungarvík, Ísafirði, Súðavík og Suðureyri. Ungmennafélagið Skallagrímur hlaut flest verðlaun en allir keppendur fengu viðurkenningu fyrir þátttöku. „UMFB fagnar 100 ára afmæli í ár og af því tilefni vorum við með veglegri verðlaun en vanalega og reyndum að gera meira úr þessu. Það voru allir mjög ánægðir með hvernig til tókst og þau frá Borgarnesi sem höfðu ekki komið í nokkur ár sögðust ætla að koma aftur að ári“, segir Sólveig.

Foreldraráð yngri flokka knattspyrnu UMFB hefur veg og vanda af mótshaldinu og Sparisjóður Bolungarvíkur er aðalstyrktaraðili mótsins. Meðfylgjandi myndir af mótinu tók Sigurjón J. Sigurðsson. *- thelma@bb.is*



Minnisvarði um Ólaf P. afhjúpaður

Minnisvarði um Ólaf P. Þórðarson var afhjúpaður á Stað í Ségundafríði í síðustu viku. Það var Guðni Ágústsson sem afhjúpaði hann að viðstöddu fjölmenni. Forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson var viðstaddur athöfnina og einnig listamaðurinn sem gerði minnisvarðann, alþingismaðurinn Árni Johnsen. Í ræðu sinni minntist Guðni þeirra tíma þegar hann og forsetinn voru ungir menn í Framsóknarflokknum og litu þeir mikið upp til Ólafs og ræðusnilldar hans.

Ólafur var þingmaður Framsóknarflokksins á Vestfjörðum um árabíl og var hann í hópi snjöllustu ræðumanna Alþingis. Hann var hestamaður af lífi og sál, talsmaður fornra dyggða og framtíðar í senn með frumlegri sýn á margan hátt. Ólafur var mikill áhugamaður um menntamál og á minnisvarðanum er eftirfarandi brot úr einni af þingræðum hans áletrað: „Dýrasta lausnin í menntakerfi nokkurrar þjóðar er að taka svo vitlausu ákvörðun að það eigi að fara eftir efnun og ástæðum hverjir halda áfram skólánámi.“

Ólafur fæddist á Stað árið 1940 og féll frá langt fyrir

aldur fram árið 1998. Hann var með kennara- og búfræðipróf og starfaði sem skólastjóri áður en hann settist á þing fyrir Framsóknarflokkinn í Vestfjarðakjördæmi árið 1979. Hann hafði verið varaþingmaður frá 1972. Þingsetu lauk hann 1995.

Félagar Ólafs P. Þórðarsonar, þingflokkur Framsóknarflokksins og aðstandendur Ólafs standa að minnisvarðanum.

Að lokinni athöfninni á Stað buðu ættingjar Ólafs öllum til kaffisamsætis í Verkalýðshúsinu á Suðureyri.

– smari@bb.is



Guðni Ágústsson afhjúpar minnisvarðann. Arinbjörn, sonur Ólafs, aðstoðar.



Árni Johnsen og Guðni skeggræða málin.



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson og Kristján G. Jóhannsson.



Bjarni Harðarson ræðir við Ólafur Ragnar Grímsson.



Byggðakvótinn mun ekki falla niður dauður

Ekki mun koma til þess að óveiddur byggðakvóti muni falla niður dauður takist ekki að úthluta honum og veiða hann á þessu fiskveiðiári. Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðgjafi, segir í samtali við Blaðið að kvótinn muni ekki falla niður heldur gefist mönnum færi á að flytja hann yfir á næsta kvótaár, rétt eins og um venjulegan kvóta

væri að ræða. Ekki er nema rétt rúmur mánuður eftir af yfirstandandi fiskveiðiári.

Einar segir ástæðu þess að erfíðlega hafi gengið að úthluta byggðakvótanum vera þá að ný löggjöf hafi verið samþykkt í vor. Nýju löginn kölluðu á reglugerðarbreytingar sem gera það að verkum að úthlutanir taka lengri tíma þar sem opnað var fyrir kær-

meðferðir mála auk þess sem öllum er tryggður aðgangur að öllum upplýsingum er varða úthlutun byggðakvóta. Einar segist eiga von á að töfin endurtaki sig ekki og að úthlutun byggðakvóta verði mun fyrir á ferðinni á næsta fiskveiðiári.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, lýsti í samtali við BB vonbrigðum

með þá töf sem hefur orðið á úthlutun byggðakvóta. Að sögn Ómars eru úthlutunarreglur byggðakvótans og ferlið allt, ekki nógu vel undirbúið frá sjávarútvegsráðuneytinu. Hann er ekki ánægður með núgildandi fyrirkomulag úthlutunarinnar og segir betra ef sveitarfélögin sjálf sæju um úthlutunina.

– smari@bb.is

Skordýrastungur færast í vöxt

Oft verður uppi fótur um fit þegar geitungur eða býflugna sést á flugi. Þá heyrast öskur og jafnvel eru tekin óborganleg dansspor til að forðast fluguna. Það dugir þó ekki alltaf til og hefur töluvert af fólki hringt á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði í sumar til að fá upplýsingar um hvernig bregðast megi við stungusárum. Af gefnu tilefni sendi því læknaneminn Bjarki Kristinsson Bæjarins besta ráðleggingar um hvernig bregðast má við flugnastungum.

Fyrst og fremst ber að hafa í huga að oftast stingur flugan ekki nema henni sé ógnað til dæmis með því að fara of nálægt búinu eða slá til flugunnar. Ef flugan stingur er í flestum tilfellum ekkert að óttast, þar sem stingur eru ekki hættulegar. Þær valda hinsvegar staðbundnum óþægindum svo sem bólgu, kláða og sársauka. Ekki er þörf á að leita læknis í þessum tilfellum. Flestir geta meðhöndlað stunguna sjálfir með því að fjarlægja broddinn ef hann er sýnilegur, með flísatöng eða hníf. Þá er ágætt að þrifa sárið með volgu vatni og sápu og að síðustu að kæla stunguna til að minnka



bólgu. Ef mikill kláði kemur fram í kjölfarið má kaupa ofnæmislyf í apóteki án lyfseðils. Þau geta slegið á kláða sem fylgir. Ef mikil bólga er í svæðinu getur hjálpað að bera á Mildison® krem sem fæst einnig í apóteki án lyfseðils. Möguleiki er á að það komi sýking í skordýrastungu. Það gerist yfirleitt þegar meira en tveir dagar eru liðnir frá stungu. Merki um sýkingu er aukinn roði, bólga, rauðar rákir sem teygja sig út frá stungustað og graftarkennd útferð úr sári. Komi sýking í sárið skal leita ráða hjá lækni þar sem þá gæti þurft að meðhöndla sýkinguna með sýklalyfjum.

Ofnæmisviðbrögð við flugnastungum eru þekkt og geta þau verið lífshættuleg. Ofnæmið er hins vegar mjög sjaldgæft. Efeinkenni ofnæmis koma fram skal ráðfæra sig við lækni án tafar.

– tinna@bb.is

„Ég held að við eigum eftir að verða mikið ríkari af því að halda þessum litla heimi sem mest grænum, heilbrigðum og ósnortnum. Svæðum sem þessum fer óðum fækkandi. Hvað með börn og barnabörn fólksins sem talar um mengandi stóriðju? Hugsar það ekkert lengra en að eiga fyrir eigin jarðarför?“

Vill launa Bolungarvík

Það er óhætt að segja að flestir landsmenn þekki leikarann og Bolvíkinginn Pálma Gestsson, ekki síst fyrir þær sakir að hann hefur leikið í einum vinsælasta sjónvarpsþætti síðari ára á Íslandi, Spaugstofunni, en nær 20 ár eru síðan þátturinn fór fyrst í loftið. Þá hefur hann einnig verið fastráðinn við Þjóðleikhúsið til fjölda ára og leikið þar morg burðarhlutverk, auk óteljandi hlutverka í áramótaskaupum og ýmsum kvikmyndum. Pálmi er fæddur og uppalinn í Bolungarvík, nánar tiltekið í íbúðarhúsi við Móalæk á Ytri-Búðum eins og það var kallað í gomlum pappírnum. Þrátt fyrir að hafa ekki haft fast heimili í Bolungarvík í morgun er Pálmi tíður gestur í bænum og undanfarin ár hefur hann unnið að því að gera upp húsið sem hann fæddist í. Þess ber að geta að Pálmi er á þeirri skoðun að ekkert r sé í nafni Bolungarvíkur og því mun þess að sjálfsgöðu vera gætt að ekkert r slæðist með á rongum stöðum í viðtalinu.

Það er hlýlegt andrúmsloft sem tekur á móti blaðamanni í húsinu að Miðstræti 3, sem nú heitir Hjari. Aðspurður sagði Pálmi um nafngiftina á húsinu „Ég var búinn að leita í gömlum pappírnum, og spyra mann og annan hvað húsið hefði heitið hér áður fyrr, því ég var viss um að húsið bæri eitthvað nafn eins og venja er um hús sem ekki stóðu við deiliskipulagðar götur snemma á síðustu öld, en komst að því að húsið hafði alltaf verið kennt við ábúandann hverju sinni. Þar sem nokkrir eigendur höfðu verið að húsinu og ekkert nafn hafði festst við það, fannst mér ómögulegt annað en gefa því eitthvað nafn. Svo var það einu sinni þegar ég heyrði konuna mína Dilly, segja við einhverjum að við ættum hús á hjara veraldar, fannst mér nafnið komið. Hjari skyldi það heita!„

Viðarpanill er á veggjum og það brakar notalega í gólfinu. Pálmi býður upp á kaffi og við komum okkur fyrir í stofunni þar sem gamalt og fallegt sófasett stendur en Pálmi upplýsir blaðamann um að það hafi konan hans fundið í Góða hirðinum.

„Ég er fæddur í þessu húsi, Miðstræti 3 í Bolungarvík. Hér áttu amma mín og afi heima, Margrét Guðfinnsdóttir, systir Einars Guðfinnssonar, og Sigurgeir Sigurðsson, útgerðarbondi frá Fofafæti undir Hesti inni í Djúpi. Ég var mikið hjá þeim fyrstu árin. Allt mitt fólk er héðan úr Bolungarvík, móðir mín býr hér og elsti bróðir minn. Ég er raunar Bolvíkingur og Djúpmáður eins langt og hægt er að rekja.“

–Segðu mér aðeins frá þessu húsi, Miðstræti 3.

„Húsið er byggt í tvennu lagi, eldri hlutinn árið 1900 og er þetta elsta húsið í bænum. Það er síðan byggt við húsið 1930 og afi minn kaupir húsið haustið 1944. Hér man ég eftir mér en ég var mikið hér hjá ömmu og afa fyrstu fjögur ár ævinnar. Nú, árin liðu og húsið fór í hálfgerða niðurniðslu, eins og gengur, og þegar ég kom að húsinu aftur fyrir tveimur árum var ekki búið að búa í því í 14 ár. Hér voru ekki almennilegar skólpleiðslur og allt undir brot og slit. Pabbi minn sem lést síðasta haust bjargaði þessu húsi frá niðurrifi en í Bolungarvík og víðar hefur fjóskast að rífa allt sem gamalt er, því miður. Vissulega hefur verið rétt að rífa einhverja gamla kofa að hrúni komna, en allt of mikið hefur verið rífið sem tilheyrir sögu bæjarins. Pabbi keypti semsagt þetta hús og bjargaði því en hann var mikill áhugamaður um gömul hús og gerði upp fleiri hús hér í bænum.“

Ég sýndi þessu húsi alltaf áhuga og var kannski sá eini í fjölskyldunni fyrir utan pabba sem gerði það. Hann ánaftaði mér því húsinu fyrir um fjórum árum. Í fyrstu virtist það óvinnandi verk að gera húsið upp en sem betur fer er það oft þannig að maður gerir sér ekki grein fyrir hvað biður manns þegar maður byrjar á einhverju. Hefði ég vitað hversu mikil vinna þetta yrði hefði verið örugglega vaxið mér í augum og ég aldrei byrjað. Einhverjir hafa sjálfsgætt haldið að ég væri orðinn eitthvað klinkaður að ráðast í þetta. Vinnan við húsið er þó búin að vera mjög skemmtileg en það er afar dýrt að standa í

framkvæmdum sem þessum, jafnvel dýrara en að byggja nýtt hús frá grunni. Einhverja styrki hef ég þó fengið frá Húsafriðunarnefnd og húsið er gert upp í samvinnu við þá og undir handarjaðri þeirra. Við höfum lagt okkur í líma við að halda öllu upprunalegu, gluggarnir höfðu t.d. verið augnstungnir og við létum gera nýja eftir gömlum myndum.“

–Húsið á samt ekki að vera sumarbústaður fjölskyldunnar eingöngu er það?

„Ekki eingöngu, ég hef áhuga á að gefa kollegum mínum, leikurum og öðrum listamönnum, tækifæri til að koma hingað og dvelja í Víkinni góðu við störf og leik. Þeir sem kæmu hingað til að vinna verkefni gætu síðan jafnvel skilið eitthvað eftir sig í bænum þegar þeir fara; haldið listasýningu eða tónleika. Þannig gæti húsið orðið dálitill menningarsetur. Mér finnst ég þurfa að launa Bolungarvík gott uppeldi. Mikilvægast finnst mér þó að bjarga þessu húsi og gera það fullkomlega íbúðarhæft. Þetta var hjallur sem var eiginlega til ama hér í bænum. Ég hef þannig fundið fyrir því að fólk er ánæggt með framtakið. Auðvitað vilja allir búa í fallegum bæ þar sem eru falleg hús. Ég hef því fundið fyrir ákaflega miklum velvilja og stuðningi. Jón Steinar Guðmundsson smiður hefur smíðað mikið með mér og allt hefur þetta verið unnið undir hinu alsjáandi meistarauga Guðmundar Óla Kristinssonar. Auk þess hefur Magnús Hansson litið eftir húsinu fyrir mig og er óþreytandi að hjálpa mér á allrahandu máta. Hann á miklar þakkir skildar. Mjög

margir hafa lagt sitt af mörku og vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa lyft undir með mér.“

–Pálmi er ekki ókunnugur húsasmíðum en að loknu skyldunámi lærði hann húsasmíðar í fjögur ár, án þess þó að ljúka bóklega hlutanum.

„Áður en til þess kom að ég tæki sveinspróf fór ég til Reykjavíkur og þar í leiklistarskóla. Ég átti þó meira og minna lögheimili hér í Bolungarvík til 24 ára aldurs, kom heim á sumrin og hélt jólin hér á námsárunum. Konan mín þáverandi er héðan, býr hér raunar enn og er nú forseti bæjarstjórnar. Við áttum því heimikið hingað að sækja.“

Vill ekki að RÚV verði selt

–Hvernig kom það til að þú fórst út í leiklistina? Kviknaði áhuginn hér fyrir vestan?

„Ég hef oft verið spurður að þessu og ég veit það hreinlega ekki. Já, ég hafði mikinn áhuga á starfi áhugaleikfélaga herna heima en í mínum villtustu draumum hvarflaði aldrei að mér að þetta yrði eitthvað sem ég myndi hafa að atvinnu seinna meir. Eitt leiðir hinsvegar af öðru, ég tók aldrei neina ákvörðun um að ég ætlaði að verða leikari.“

Ég komst inn í Leiklistarskóla Íslands árið 1978, tók inntökuþróf sem er svipað og er inn í leiklistardeild Listaháskóla Íslands í dag. Eitthvað á annað hundrað manns sækja um og gangast undir strangt inntökuþróf sem tók á þessum tíma um þrjár vikur. Fljótlega er skorið niður í 16 manna hóp sem aftur er helmingaður þannig að eftir standa átta manns sem komast inn.“

–Hvað var þetta langt nám?
„Þetta voru fjögur ár. Fjögur löng og ströng ár. Þetta var mikið puð og ef mér byðist að fara aftur í námið í dag myndi ég sennilega ekki nenna því.“

–Förstu strax að leika eftir útskrift?

„Já, ég var mjög heppinn með það, mér buðust strax verkefni þegar ég var í uppsetningu nemendaleikhúsi skólans. Þannig að það lá alveg saman og ég fékk fljótlega fastráðningu við Þjóðleikhúsið og hef haft hana síðan.“

–Flestir landsmenn þekkj

þig þó fyrst og fremst fyrir að leika í Spaugstofunni ekki satt?

„Jú, ef hægt er að tala um frægd á Íslandi þá er vinsælt sjónvarpssefni lykllinn að frægdinni. Frægur útlendur leikari sagði eitt sinn að hann væri í kvikmyndunum til að fá peninga, sjónvarpi til að verða þekktur og á sviði fyrir sjálfan sig. Við erum búnir að vera með Spaugstofuna í nær 20 ár og okkur til mikillar furðu er ekkert lát á vinsældum þáttarins. Ég held að þetta sé einsdæmi, að vera stöðugt með yfir 50% áhorf þrátt fyrir að vera búnir að vera svona lengi að. Þannig að á meðan fólk sýnir okkur áhuga munum við halda áfram að vera með þættina.“

–Eruð þið þá farnir að skipuleggja þætti vetrarins eitthvað?

„Nei, nei, ekkert að ráði, við erum þó farnir að hringjast aðeins á og það fer að koma að því að við förum að hittast og gera eitthvað.“

–Eruð þið ekki orðnir þreyttir hver á öðrum eftir 20 ára samstarf?

„Nei, það er svo einkennilegt. Við erum allir mjög ólíkir en þetta virðist vera mjög góð blanda og okkur gengur ákaflega vel að vinna saman. Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því hvað það er mikil vinna að halda úti sjónvarpsþætti einu sinni í viku og ég er hræddur um að það verði erfitt fyrir óreynda að feta í fótspor okkar. Þegar við byrjum á sínum tíma vorum við allir ungir og sjónvarpssefni sem þetta hafði ekki verið gert áður. Við fengum því rúm til að þróa þáttinn og æfa okkur. Við erum því komnir með mikla reynslu og þekkjumst mjög vel og þurfum stundum ekki einu sinni að tala saman. Ég held að það yrði alveg vonlaust fyrir einhverjum annan hóp að stökkva inn í svona vinnu og gera alveg eins og halda það út, aðallega vegna þess að fólk hefur ekki fengið þjálfun í því.“

Þættirnir eru samdir, skrifadur, teknir upp og gengið frá þeim frá mánudegi til aðfaranætur laugardags. Þetta geta verið miklar tærir og sérstaklega eru fimmtudagarnir strangir þar sem við tökum allan þáttinn þá, hvað sem tautar og

raular.“

–Finnurðu fyrir einhverri breytingu innan Ríkissjónvarpsins nú þegar það hefur verið „ohf-að“?

„Nei, ég held að þetta hafi verið ákaflega nauðsynleg ákvörðun upp á skilvirkni og alla stjórnun í stofnuninni þó að ég sé þeirrar skoðunar að það megi aldrei selja RÚV. Fyrst og fremst vegna þess að, hverjir myndu eiginlega kaupa það? Það eru hugsanlega einhverjir örfáir aðilar hér á landi sem myndu hafa efni á því. Ég held það sé enginn nema ríkið sem á að reka þessa stofnun. Ég verð nú að segja alveg eins og er, ef maður horfir á uppganginn í landinu og það frelsi sem hefur myndast í peninga og fjármálum er það gífurlega gott að mörgu leyti, en við verðum að gæta okkar á því að meirihluti fjármagnsins í landinu lenti ekki á fárra manna höndum. Það getur verið hættulegt. Af tvennu illu vil ég frekar ríkiseinokun en einstaklingseinokun. Einstaklingar geta verið misjafnir að upplagi eins og við vitum. Það er ekki geðsleg hugsun að vita af RÚV í einkaeigu einhverra misviturra einstaklinga.“

Vestfirðir við þröskuldinn að velsæld

–Það liggur beint við að spyra Pálma út í „ástandið“ hér fyrir vestan. Hvað finnst honum um stöðuna í dag?

„Kvótakerfið er glæpur gegn þjóðinni, sérstaklega litlu byggðunum. Þarna safnast kvótinn á fáar hendur og ef einhverjum einum dettur í hug að hætta, gera eitthvað annað, þá getur heilt byggðalag setið eftir allslaust. Það var á sínum tíma alveg fráleitt að úthluta kvóta samkvæmt vinnu og veiðireynslu einhverra manna. Ég spyrr hvar er kvóti hásetanna og fiskvinnslufólksins? Hvar er kvóti íbúa sjávarplássana? Hvar er kvóti þjóðarinnar sem heildar? Þeir sem eru ríkastir af kvótanum eru gamlir trillukarlar og ef að fjórirfimm menn fara úr bænum hverfa með þeim allar tekjur. Það er ekkert eðlilegt að einhver sem hefur skakað á trillu í lengri eða skemmri tíma fái allt meðan sá sem var stýrimaður á togara í jafn langan

„Ég held að þetta sé einsdæmi, að vera stöðugt með yfir 50% áhorf þrátt fyrir að vera búnir að vera svona lengi að. Þannig að á meðan fólk sýnir okkur áhuga munum við halda áfram að vera með þættina.“

rvíkinni gott uppeldi

tíma fær ekki neitt. Það er alveg sama hvar á þetta er litið, kerfið er mjög hættulegt og óheilbriggt.

Ég hef annars mikla trú á bæði Bolungavík og Vestfjörðum öllum og að hér erum við, við þröskuldinn á mikilli velsæld. Hér eru óendanlegir möguleikar. Ég hefði aldrei farið að dunda mér við að gera upp þetta hús ef að ég héldi að plássið legðist í eyði og héðan færu allir. Ekki það að ég sé að gera húsið upp í von um einhvern hagnað, heldur er þetta fyrst og fremst tilfinningaatriði. En hvað sem verður held ég að með því hættulegasta sem hægt væri að gera væri að setja hér upp olíuhreinsistöð. Menn þurfa að minnsta kosti að hugsa sig vel um og kanna þetta mál algerlega til hlítar. Það virðist sem að nú sé ástandið þannig að hægt sé að bjóða Vestfirðingum upp á hvað sem er. Það er eins og að leiða dauðhungraðan mann inn í matvörubúð, svangur maður étur hvað sem er, þó það sé honum allt annað en hollt. Olíuhreinsistöð er hinsvegar skammgödur vermir, menn verða að hugsa lengra. Það þýðir ekki að pissa í skóna sína þó manni sé kalt á fótunum, það frýs fljótlega aftur. Mér finnst það ábyrgðarlaust tal af þungavigtarmönnum eins og ágætum vini mínum Flosa Jakobssyni að segja að ef ekki verði komin hingað olíuhreinsistöð innan skamms tíma verði allir dauðir. Svona viðhorf finnst mér ekki eiga að heyrast.

Margir spyrja hvað eigi að koma í staðinn. Sjáum til dæmis Húsavík þar sem er starfrækt vinsælt hvalasafn, svo ekki sé minnst á tippasafn! og meira og minna er uppselt í hvalaskoðanir sem farnar eru frá bænum. Það koma bara aðrar áherslur. Menn verða bara að hafa kjark og dug, að ég tali ekki um ímyndunarafl, til að koma með nýjar hugmyndir. Vestfirðir eru orðnir alþjóðlegt ferðamannasvæði, samanber Hornstrandir og Jökulfirðina. Af hverju er Bolungavík ekki þjónustumiðstöð fyrir fólkið sem vill fara þangað? Það er búið að verja milljörðum í hafnarframkvæmdir í bænum. Hvers vegna ekki að nota þessa góðu aðstöðu sem er



hér til staðar? Menn tala um að það þurfi að benda á eitthvað annað ef þeir vilja ekki olíuhreinsistöð, og það eru alltaf allir að því. Okkar ágæti bæjarstjóri Grímur Atlason hefur margbent á ótal marga og mikið betri kosti, hvað varðar atvinnu og velferðarmál hér í Bolungavík og á Vestfjörðum yfirleitt.“

Vestfirðir eiga að vera ein heild

„Ágætur maður frá Ísafirði, Sigurður Pétursson, sem situr í bæjarstjórn skrifaði um það um daginn að á Vestfjörðum væri vel hægt að hafa ríkisstofnanir. Það er alveg hárrétt hjá honum og orð í tíma töluð. Honum datt hinsvegar ekki aðrir staðir í fjórðungnum í hug en Ísafjörður. Hornstrandastofan, sem mér skilst

að eigi að koma á fót, ætti að sjálfsgöðu að vera í Bolungavík þaðan sem mun styttra er yfir á Hornstrandir en frá Ísafirði. Vestfirðingar þurfa að fara að hugsa meira um kjálkann sem eina heild. Mér finnst það viðhorf vanta. Nú stendur til dæmis til að bora göng frá Bolungavík til Ísafjarðar og það er alveg hreint óskiljanlegt af hverju göngin eru ekki boruð stystu og bestu leið, úr Syðridal yfir í Tungudal á Ísafirði. Heldur vilja þeir láta Bolungavík vera endastöð áfram með því að fara í gegnum Eyrarhlíðina. Ég óttast það að í hugum fólks verði þá alveg jafn langt hingað og áður.

Að fara með göngin inni Tungudal myndi ekki að eins tengja Bolungavík betur við verslun á Ísafirði og flugvöllinn, heldur myndi það tengja mikið betur saman allar firð-

ina þar með talið suðurfirðina. Það ofurtakmarkaða byggingarland sem Ísfirðingar eiga er allt í Tungudalnum. Væru göngin þar tæki ekki nema fimm mínútur að keyra til Bolungavíkur sem státar af meira og öruggara byggingarlandi en nokkur byggð á Vestfjörðum. Bolungavík yrði mikið nær Ísafirði og samstarf bæjanna tveggja gæti orðið miklu meira. Hafi menn hugsað sér eitthvað sameiningarferli, sem ég er reyndar ekki viss um að sé góð hugmynd, þá getur það aldrei gerst nema með því að hafa göngin á þessum stað.

Mér finnst öll rök hníga að því að hafa göngin á þessum stað en ekki þar sem verið er að mæla fyrir þeim nú. Einhverjir sem eru ósammála mér hafa haldið því fram að Syðridalurinn sé eitthvað veðravíti.

Mér finnst það óskiljanleg rök, þetta er hvorki fyrsti né síðasti dalurinn sem vegur liggur um. Menn hljóta að hafa keyrt undir Hafnarfjallið að ég tali ekki um Kjalarnesið, eftir þjóðvegi 1. Í Syðridal gæti varla verið meira veðravíti en þar. Þá er talað um of mikinn kosnað, en heldur en velja þessa lausn vilja menn að göngin komi út við Skarfasker eða Hestúsin í Hnífsdal sem er hættulegasta snjóflóðasvæði á Vestfjörðum. Það þyrfti að byggja munnan langt út á Hnífsdalsvíkina og þvera hana síðan. Hvernig halda menn að brimskaflarnir fari með þann vegpart eins og veðrin geta verið hér á djúpinu?“

–Pálmi er ekki á því að hér fyrir vestan sé allt að fara til fjandans.

„Mér þykir miður að heyrast

tal um það að hér sé allt á vonarvöl og hönd dauðans liggja hér yfir öllu. Þetta er bara bull. Því miður finnst mér þetta stundum komið frá Vestfirðingum sjálfum. Það er til dæmis svo mikið að gera hér að maður fær ekki iðnaðarmenn nema hreinlega að grenja þá til sín. Í þessu hef ég ekki lent í fyrir sunnan. Hér eru nokkrir einstaklingar svo ríkir að það má telja það í milljörðum. Hér er allt á fullri ferð og ég get ekki betur séð en að allir séu glaðir. Hér er gott að vera, mér þykir vænt um þennan stað, ég er héðan og hér eru óendanlegur möguleikar á öllum andskotunum. Ég má til með að nefna skemmtilega hugmynd sem hefur komið fram, um að byggja hótél á toppi Bolafjalls, þar sem gestir væru með útsýni yfir allt Djúpið og

Verk-Vest ánægt með þátttöku sveitarfélaga

Verkalýðsfélag Vestfirðinga hefur styrkt atvinnukönnun Fjölmenningsseturs um 70.000 krónur, en fyrirhugað er að leggja spurningar fyrir innlenda og erlenda íbúa norðanverðra Vestfirða en eins og kunnugt er hríkti verulega í stöðum atvinnulífsins í vor. „Strax í upphafi verkefnisins var óskað eftir þátttöku Verk-Vest, sem brást strax jákvætt við með styrk upp á 70.000 úr félagssjóði“, segir Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verk-Vest. Einnig hafa bæjarráð Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur samþykkt að styrkja könnunina. „Ennfremur hvatti Verk Vest til þess að sveitarfélögin á Vestfirðum tækju þátt í verkefninu með einum eða öðrum hætti, það er jákvætt að sjá að það hefur borið árangur“, segir Finnbogi.



jafnvel alla leið til Grænlands. Þetta er auðvitað klikkuð hugmynd en annað eins hefur nú verið gert. Svo má ekki gleyma Skálavík sem er hér rétt hjá Bolungavík. Það er nær óþekkt náttúruperla sem er sannkallaður sælureitur. Við eigum að kynna þessa fegurð fyrir fólki.“

Ekki nóg að eiga bara fyrir eigin jarðarför

„Mér finnst oft vanta alla framtíðarsýn þegar gengið er til verks, hvort sem það er hér á svæðinu eða annars staðar. Það verður að hugsa aðeins lengra. Sjáðu til dæmis Vestfirðagöngin. Þau eru gerð einbreið á sínum tíma, sem er fjarlæg skammsýni. Þau eru slysgildra. Hvalfjarðargöngin eru þegar sprungin og nú á að gera önnur fyrir umferð í hina áttina. Þegar var fyrst hugsað um að bora leið til milli Bolungavíkur og Ísafjarðar átti bara að bora í gegnum eitt nef hér á fjallinu. Það virðist engin framtíðarsýn vera og aldrei tjaldað til meira en einnar nætur. Fólk verður að hugsa stærra.“

Nú er verið að gera sundlaugargarð hér í Víkinni sem ég er alveg viss um að á eftir að vekja mikla lukku, ekki síst meðal ferðafólks en stór hluti þess gistir á tjaldstæðinu við sundlaugina. Samt hefur maður heyrt neikvæðar raddir sem efast um að peningunum hafi verið rétt varið þegar var tekin ákvörðun um að setja upp vatnsrennibraut. Hefðu þessir peningar verið betur komnir einhvers staðar annars staðar? Ég er ekki viss um það. Þetta gleður bæði íbúa sem aðkomufólk. Þetta minnir á þegar var byrjað að tala um það fyrir mörgum árum að hingað í Víkina vantaði veitingastaði, gístaðstöðu og almenna þjónustu fyrir ferðamenn. Margir sögðu að það þýddi ekki að bjóða upp á þjónustu fyrir ferðafólk sem aldrei kæmi en ferðafólkið kom auðvitað ekki þar sem engin þjónusta er. Þetta hefur sem betur fer breyst og í dag er í boði margvísleg gisting. Ég verð líka að minnst á gifurlaga gott starf sem hefur verið unnið í gamla Einarshúsinu þar sem nú er kaffi- og veitingahús og mun vera gístaðstaða seinna meir. Það er frábært verkefni sem mér finnst að Bolvíkingum öllum beri skylda til að styðja við og styrkja. Það hefur sýnt sig í þessu að þegar framboðið er komið skapast eftirspurn. Af hverju ekki að koma hér upp hvalaskoðun og sjóstanga-veiði eins og víða er gert? Ef

að ég væri billjóner hugsa ég að ég myndi leggja í það að byggja upp allar gömlu verbúðirnar hér á kambinum og hafa þar gístaðstöðu fyrir fólk sem vill skoða Hornstrandafríðlandið, þar sem stuttan tíma tekur að skjótast norður héðan.

Öll eggin geta ekki verið í sömu körfunni og það verður ekki aftur byggt eingöngu á sjávarútvegi. Þó að kvótinn fari verður bara að finna eitt-hvað annað. Það er slæmt að það fyrsta sem fólk dettur í hug er að fá álver eða oliu-hreinsistöð sem mengar meira en Íslendingar hafa leyfi fyrir. Að einhverjum detti síðan í hug að við getum keypt okkur frá menguninni með mengunarkvóta! Hvaða störf skapar svona verksmiðja og hvað verða þau störf lengi til? Erum við ekki stolt af því að vera grænasta svæði Íslands? Ég held að við eigum eftir að verða mikið ríkarí af því að halda þessum litla heimi sem mest grænum, heilbrigðum og ósnortnum. Svæðum sem þessum fer óðum fækkandi. Hvað með börn og barnabörn fólksins sem talar um mengandi stóriðju? Hugsar það ekkert lengra en að eiga fyrir eigin jarðarför?

Ég er í sjálfu sér ekki með neinar patent lausnir en ég er alveg sannfærður um að þær hugmyndir sem hafa komið fram muni skila sínu. Ríkisstofnanir geta vel verið úti á landi, öll fjarskipti eru orðin allt önnur en þau voru fyrir 20 árum. Þá datt mér ekki í hug að ég myndi nokkurn tíma gera neitt hér, það er að byggja hús og vera hér hluta úr ári. Ég myndi í besta falli eiga sumarhúsið einhvers staðar í Borgarfirðinum. Það var svo langt að keyra hingað frá Reykjavík. Heila 10 tíma. Það lá við að maður gisti á leiðinni og tæki tvo daga í að ferðast hingað. Nú fer maður leiðina á fimm-sex tímum og hún er alltaf að stytta. Vegirnir eru að verða betri, Hvalfjarðargöngin og brúin yfir Gilsfjörð skipta þarna miklu máli. Arnkötluvegurinn, brú yfir Mjóafjörð og svo framvegis. Það er verið að malbika allt í Djúpinu og það er verið að grafa fleiri göng. Á örskömmum tíma hafa aðstæður því mikið breyst og fjarlægðirnar eru ekki jafn miklar og við höldum.

Reynslan hefur sýnt það að það fer allt í hringi. Ég hef enga trú á því að Ísland verði borgríki, né að nokkur vilji að það gerist. Við viljum byggja landið. Það er nauðsynlegt að halda landinu í byggð. Fyrir alla, ekki síst íbúa á höfðuðborgarsvæðinu.

– tinna@bb.is



Flotbryggja tekin í notkun

Ný flotbryggja Ísafjarðarhafnar var sjósett í síðustu viku. Nýja bryggjan mun leysa af hólmi gomlu Dokkubryggjuna þar sem björgunarbáturinn Gunnar Friðriksson og lóðsbáturinn Sturla Halldórsson lágu, en bryggjan var afar illa farin og nær ónýtt. Það var gámalyftari frá Eimskip sem hófði bryggjuna í sjóinn við Sundahöfnina en Sturla Halldórsson dró hana svo á sinn stað. Meðfylgjandi mynd af uppsetningu flotbryggjunnar tók Þorsteinn J. Tómasson.

Ferðamönnum fjölgar í Heydal

Ferðamönnum hefur fjölgað mikið í sumar hjá ferðapjónustunni í Heydal í Ísafjarðardjúpi. „Það hefur verið mjög mikil trafik og alveg hiklaust meira en í fyrra. Við verðum vör við mikla aukningu“, segir Stella Guðmundsdóttir hjá fjölskyldufyrirtækinu Ævintýradalnum sem kom upp gísta- og veisluástöðu í gamalli hlöðu og fjósi árið 2003 auk þess sem þar er boðið upp á snjóleða-, kajak- og hestaferðir.

„Veðrið hlýtur að hafa áhrif en svo erum við sjálfsgat að komast kortið, svo ætli það sé ekki hvort tveggja sem veldur aukningunni“, segir Stella aðspurð um orsökina. Hún segir það vera blöndu af innlendum



Heydalur í Ísafjarðardjúpi.

og erlendum ferðamönnum sem sækja ferðapjónustuna en þó séu Íslendingar í meirihluta.

„Fólk yfirleitt mjög jákvætt og skemmtilegt svo þetta hefur verið mjög ánægjulegt sumar. Svo vekur tjaldsvæðið

síaukna athygli og lukku en þar spilli veðrið ekki heldur fyrir“, segir Stella.

– thelma@bb.is

Allt klappað og klárt fyrir varnargarðinn í Bolungarvík

Ein athugasemd barst við nýtt aðalskipulag Bolungavíkurkaupstaðar er þurfti að gera vegna snjóflóðavarna sem á að reisa í fyrir ofan bæinn. Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir athugasemd hafa borist frá Fornleifanefnd ríkisins en það hafi verið

vitað fyrirfram að hún bærist. Fara þarf í uppgröft áður en framkvæmdir hefjast og vonast Grímur til að verkið hefjist fljótlega. Boltinn er því á ríkisvaldinu og standa vonir til að gerð snjóflóðavarnanna verði boðin út fljótlega.

Varnargarðurinn í Bolung-

arvík á að vera 18-22 metra hár og 700 metra langur þvergarður, staðsettur þar sem Dísarland er nú. Auk þess verða átta keilur ofar í fjallinu. Áætlað er að í varnarvirkin fari um 400 þúsund rúmmetrar af fyllingarefni sem reiknað er með að fái innan framkvæmda-

svæðisins. Áætlaður heildarkostnaður við byggingu varnarvirkjanna er 750 milljónir króna en endanlegur kostnaður ræðst af þeim tilboðum sem berast í verkið. Gert er ráð fyrir að bygging varnargarðsins taki um 2-3 ár.

– smari@bb.is

Undir áhrifum Djúpuvíkur

Dýrfinna Torfadóttir, gullsmiður, opnaði sýningu á verkum sínum í Hótel Djúpvík á laugardag fyrir viku. Dýrfinna heimsótti Djúpuvík og fleiri nálæga staði í fyrrasumar og að því er fram kemur í tilkynningu varð hún fyrir sterkum áhrifum af umhverfi og fegurð svæðisins. Hún vann í kjölfarið nokkrar gripi og setti saman myndverk sem verða til sýnis á hótelinu til loka ágústmánaðar. „Allt áhugafólk er velkomið og þeir sem verða á faraldsfæti þennan tíma sem sýningin stendur ættu að líta við á hótelinu og fá sér hressingu og litast um“.

Styrkja atvinnusköpun

Bolungarvíkurkaupstaður hefur samþykkt að veita Fjölmenningssetrinu á Ísafirði styrk sem nemur 30.000 krónum til þess að kanna atvinnuástand á norðanverðum Vestfjörðum í kjölfar óvissu á atvinnumarkaðnum á vormánuðum. Fjölmenningssetrið hefur í hyggju að leggja könnun fyrir innlenda og erlenda íbúa svæðisins. Bæjarráð tók styrkbeiðnina fyrir á fundi fyrir stuttu og samþykkti að styrkja könnunina. Var þá vakin athygli á því að Bolungarvíkurkaupstaður brást strax við því ástandi sem skapaðist á atvinnumarkaði í sveitarfélaginu í vor, m.a. með því að ráða inn viðbótarstarfsfólk í áhaldahús.

Ekki búið að sækja um losunarheimildir fyrir olíuhreinsistöð

Búið er að sækja um 134% leyfilegra losunarheimilda Íslendinga í koltvísýringi á árunum 2008 til 2012. Heimildirnar eru samkvæmt Kyoto-bókuninni sem Ísland er aðili að. Alls eru heimildir fyrir losun á 10,5 milljónum tonna á ári en búið er að sækja um heimildir fyrir 13,4 milljónum tonna á tímabilinu. Þetta kemur fram á vef Umhverfisstofnunar. Athygli vekur að búið er að sækja um heimildir fyrir

verksmiðjur sem enn eru á umræðustigi og óvíst hvort að verði reistar. Má þar nefna álver Fjarðaráls að Bakka og álver Alcan í Þorlákshöfn. Ekkert bólar á umsókn um losunarheimildir fyrir olíuhreinsistöð á Vestfjörðum.

Í erindi Hafsteins Helgasonar frá verkfræðistofunni Línuhönnun, sem hægt er að nálgast vef Fjórðungssambandi Vestfirðinga, kemur fram að koltvísýringmengun frá olíu-

hreinsistöð á Vestfjörðum yrði 560 þúsund tonn ári. Við nánari eftirgrenslnan kemur í ljós að sú tala er miðuð við allra lægstu gildi, eða 70 kg koltvísýringur per tonn. Losun koltvísýringa frá olíuhreinsistöðum er á bilinu 70 – 250 kg/tonn, samsé á milli 560 þús. og 2 millj. tonn á ári.

Lokað var fyrir umsóknir starfandi fyrirtækja þann 1. júní s.l. en ný fyrirtæki geta sótt um níu mánuðum áður en

þau hefja rekstur. Umræddar heimildir gilda fyrir starfsemi í staðbundinni orkuframleiðslu með brennslu jarðefnaeldsneytis sem losar meira en 30 þús. tonn koldíoxíðs árlega eða staðbundinni iðnaðarframleiðslu sem losar meira en 30 þús. tonn koldíoxíðs árlega.

Það er Umhverfisstofnun sem fer yfir allar umsóknir og metur hvort þær eru raunhæfar. Síðan fer sérstök úthlutun-

arnefnd yfir þær og útteilir heimildunum. Í nefndinni sitja fulltrúar frá fjármála-, umhverfis- og iðnaðarráðuneytis. Samningar um næsta skref Kyoto hefjast nú í haust á Bali og á að ljúka í Kaupmannahöfn árið 2009. Gangi það eftir gefst aðildarríkjunum færi á að fullgilda samkomulagið áður en fyrsta skuldbindingartímabili Kyoto-bókunarinnar lýkur árið 2012.

Miðað við hugsanlega losun frá olíuhreinsistöð og að

búið er að sækja um allar losunarheimildir okkar og gott betur, verður ekki betur séð en að stöðin risi í fyrsta lagi eftir 2012. Einnig má færa fyrir því rök að ósennilegt sé að Íslendingar fái auknar losunarheimildir í næsta samkomulagi, enda er markmiðið að minnka losun koltvísýringa. Aðrir leiðir eru mögulegar, t.d. að stjórnvöld á Íslandi hunsu Kyoto-bókunina eða fyrirtæki kaupri losunarkvóta. – smari@bb.is

Lítill tiltrú á olíuhreinsistöð innan stjórnkerfisins

Á fréttavefnum Eyjunnar er það fullt, og vísað í ónafngreinda heimildarmenn, að þeir aðilar sem eiga í viðræðum um olíuhreinsistöð hafi verið beðnir að gera grein fyrir hverjir standi á bak við verkefnið en orðið lítt ágengt. Það virðist vera að öll atriði varðandi bakhjarla, fjármögnun og fyrirtæki sem munu leggja til

hræfni og selja afurðir eru ófrágengin samkvæmt því sem greint er frá á Eyjunnar.

Þá segir einnig að heimildarmenn Eyjunnar í stjórnkerfinu hafi ekki öðlast tiltrú á verkefnið eftir lestur minnisblaðs frá rússnesku aðilunum sem eru í viðræðum um olíuhreinsistöð á Vestfjörðum. Enn og aftur er vísað í heim-

ildarmenn og því haldið fram að ekki sé um „konkret“ verkefni að ræða, eins og það er orðað og vísað í önnur stóruverkefni á landinu sem andstæðu olíuhreinsistöðvarinnar.

Orðrétt segir: „Í tilfelli olíuhreinsistöðvarinnar virðist hins vegar um að ræða aðila sem vilji búa til viðskiptatæki-

færi - jafnvel til að endurselja aðilum í olíugeiranum. Þau verðmæti sem sóst er eftir felst í því að ná samningum við Íslendinga um leyfi til að reisa og reka stöðina. Þegar þeir liggja fyrir verði fjármögnun leitad eða samningarnir seldir eða notaðir sem verðmæti við að búa til félag um reksturinn í samstarfi við aðra aðila.“

Umræða um olíuhreinsistöð má ekki kæfa aðrar aðgerðir

Gunnar Hallsson, bæjarfulltrúi í Bolungarvík, segir eðlilegt að það byggist upp tortryggni í garð olíuhreinsistöðvar. „Það vantar mikið af upplýsingum um hvort þetta sé mögulegt en það er alveg á hreinu að allar bæjarstjórnir á Vestfjörðum hafa sent frá sér ályktanir eða skýr skilaboð um að halda áfram markvissri vinnu til að fá úr því skorið hvort verkefnið sé gerlegt og eitthvað sem við teljum henta okkar svæði“, segir Gunnar.

„Umræða um hugsanlega olíuhreinsistöð má ekki skyggja á þau brýnu mál sem við þurfum að vinna að í augnablikinu. Ég lít ekki svo á að umræðan um olíuhreinsistöð sé partur af boðuðum mótvægisáðgerðum.“ Hann segist sjálfur ekki geta mælt með eða á móti olíuhreinsistöð, of mörgum spurn-

ingum sé ósvarað til að hægt sé að taka afstöðu til málsins. Flosi Jakobsson, útgerðarmaður í Bolungarvík, sagði þá sveitarstjórnarmenn sem mæla á móti olíuhreinsistöð vera ábyrgðalaus bændi þeir ekki á neitt annað sem gæti komið í staðinn. „Ég hef sem bæjarfulltrúi varað við að þetta mál kæfi allt annað. Ef það gerist og svo kæmi í ljós að þetta yrði ekki að veruleika þá værum við búin að tapa dýrmætum tíma í ekkert“, segir Gunnar.

Gunnar segist líta svo á að málið sé í ágætis farvegi svo langt sem það nær miðað við hversu mikið vantar upp á upplýsingar um olíuhreinsistöðina og þá sem sagðir eru standa að baki þessari hugmynd.

Grímur Atlason, bæjarstjóri



Frá Bolungarvík.

Bolungarvíkur, hefur lýst yfir andstöðu sinni við olíuhreinsistöð á Vestfjörðum. Gunnar segir það ekki koma á óvart enda eru hans hugsjónir og væntingar á nótum náttúruverndar. „En hann hefur bent á mörg góð mál sem gætu

komið Vestfjörðum vel og bæjarstjórn Bolungarvíkur leggst sem einn maður á þær árar enda nauðsynlegt að auka fjölbreytni á atvinnumarkaðinum hér vestra.“, segir Gunnar.

– smari@bb.is



Fjölur Baldursson á gervigrasinu.

Setti gervigras á lóðina

Ljósmyndara blaðsins rak í rokastans þegar hann keyrði Seljalandsveginn á Ísafirði í gær og sá að búið var að leggja nýtt gervigras á blettinn við húsið Þórs-hamar. Húsráðandinn, Fjölur Baldursson, segir að hann hafi fengið nóg af því að slá og lausnin hafi verið einföld, setja gervigras á lóðina. Hann segir þetta vera það sem koma skal, grasið er iðagrænt og „nýslegið“ allan ársins hring. Kostnaðinn segir hann ekki vera mikinn sé litið til lengri tíma. Sláttuvélar kosti sitt og hafi í gegnum tíðina ekki reynst langlíffustu heimilistækin. Sér hann fyrir sér að eftir 20 til 30 ár hafi þetta borgað sig upp. Svo ekki sé minnst á gleðina sem fellt í því að sleppa við sláttinn. – smari@bb.is

Slasaður skipverji fluttur til Ísafjarðar

Skipverji á frystitogaranum Þerney RE-101 fótbrotnaði aðfaranótt fimmtudags og var hann fluttur til Ísafjarðar árla morguns á fimmtudag. Talið er að maðurinn hafi ökklabrotnað er hann missteig sig illa. Var hann fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði til skoðunar og aðhlyningar. Þerney lagði úr höfn eftir að maðurinn var kominn undir læknishendur en skipið hafði verið á siglingu á Halamiðum þegar slysið varð.



Ánægðir ferðapjónar á Kirkjubóli

Ferðapjónarnir á Kirkjubóli í Bjarnardal eru mjög sáttir við það sem af er sumri og segjast finna fyrir aukningu ferðamanna. Töluvert komi af Íslendingum sem fara mikið eftir veðrinu og panta þá gistingu á síðustu stundu. Einnig koma fleiri erlendir ferðamenn en áður. Algengast er að gestirnir á Kirkjubóli gisti eina nótt. Það eru bræðurnir Guðmundur Valgeir og Jón Grétar Magnússynir sem reka gistiheimilið á Kirkjubóli.



Í sama skóla og Laurence Olivier og Judy Dench

Friðþjófur Þorsteinsson – allajafna kallaður Fiffi – er ungur Ísfirðingur á leið út í heim. Fiffi hefur lengi verið viðloðandi starf áhugaleikfélaga í Ísafjarðarbæ og síðustu árin hefur hann unnið sem ljósamaður bæði hjá Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu. Nú stefnir Fiffi á nám í leiklistarstórborginni Lundúnum við hinn virta Central School of Speech and Drama þar sem hann hyggst nema hönnun fyrir leiksvið, með áherslu á ljósaðhönnun. Friðþjófur er sonur hjónanna Evu Friðþjófsdóttur og Þorsteins Þráinssonar, uppalinn á Ísafirði, gekk hér í grunn- og menntaskóla, auk Tónlistarskólans á Ísafirði. „Mamma og pabbi fluttu vestur með 10 daga fyrirvara þegar ég var fjögurra ára gamall. Valið hjá þeim stóð þá á milli Ísafjarðar og Noregs og þau enduðu hér

en ætluðu bara að vera í eitt eða tvö ár. Þau eru hins vegar hér enn og ég lít á mig sem Ísfirðing. Ég hef eytt bróðurpart ævi minnar á Ísafirði og ber sterkar taugar til bæjarins. Ég kynntist leiklistinni á Ísafirði og steig mín fyrstu skref innan leikhússins árið 1998 í uppsetningu Tónlistarskóla Ísafjarðar og Litla leikklúbbsins á söngleiknum Óliver!. Þá var ég fenginn, ásamt vini mínum, til að vera á eltiljósi. Ég held við höfum komið inn á þriðju æfingu fyrir frumsýningu og ég vissi í raun ekkert hvað ég var að fara að gera en þar smitaðist ég af hinni margfrægu leiklistarbakteríu og hef ekki í hyggju að leita mér lækningar. Eftir Óliver! sóttist ég eftir að taka þátt í starfi áhugaleikfélaga á svæðinu. Ég hef m.a. unnið með Morranum, leikfélögum

Grunnskólans á Ísafirði og Menntaskólans, Hallvarði súganda á Suðureyri og Litla leikklúbbsnum auk þess sem ég hef unnið með Kómedíuleikhúsinu, sem er atvinnuleikhús. Utan Ísafjarðar hef ég unnið með Stúdentaleikhúsinu, Leikfélagi Selfoss, leikdeild Ungmennafélagsins Íslendinga í Borgarfirði, í Borgarleikhúsinu með Leikfélagi Reykjavíkur og Íslenska Dansflokknum og loks í Þjóðleikhúsinu auk nokkurra sjálfstæðra leikfélaga, þannig að ég hef starfað víða í „bransanum“ hvort tveggja með áhuga- og atvinnuleiksum og á flestum stærstu leiksviðum landsins. Allt í allt get ég talið saman tæpa tvö hundruð sviðslista viðburði sem ég hef tekið þátt í; tónleikar, fegurðarsamkeppnir, söngkeppnir, óperettur, listdanssýningar og auðviðtað leikrit af öllum gerðum. Ég hef

unnið ýmis störf við viðburði sem þessa, allt frá því að standa á sviði og leika, spila eða syngja yfir í að hanna leikmynd, lýsingu eða hljóðmynd, verið sviðsmaður, hljóðfæraleikari og auðvitað ljósamaður. Ég var fljótur að færa mig frá eltiljósinu og næstu sýningu sem ég tók þátt í lýsti ég sjálfur. Það var sýning sem leikfélag Grunnskólans á Ísafirði setti upp og var kölluð „Í ljósi skuggans“. Það verður reyndar að segjast eins og er að þá kunni ég auðvitað ekkert að lýsa, var aðallega bara að prófa og fíka. Þannig er áhugi minn á lýsingu fyrst sprottinn af tæknilegum áhuga, það var gaman að fíka með takka og tengingar. Seinna meir færirst áhuginn yfir í hönnunina og listina að lýsa. Það er nefnilega algengur misskilningur að ljósin séu bara uppi til að leikarnir sjáist á

sviðinu, heldur eiga þau líka að skapa ákveðin hughrif og umhverfi. Lýsingin getur líka verið hluti af plottinu, með því að beina athygli áhorfenda á einhvern tiltekinn stað. Áhuginn og þekkingin á lýsingu hefur þannig þróast smám saman í gegnum árin samhliða áhuga á leikmyndahönnun. Leikmynd og ljós vinna mikið saman í að skapa þennan heim sem er á sviðinu, umhverfis leikarana.“ – *Færðu eitthvað að spreyta þig á leikmyndahönnun í skólanum í Lundúnum?* „Það fer eftir því hvernig á það er litið. Í þessu námi er meðal annars farið í myndbandagerð fyrir leiksvýningar, en það hefur aukist mikið í leikhúsi í dag að nota myndbönd sem hluta af sýningunni. Nemendur skólans eru einnig hvattir til að fara á milli kúrsa og bæta

við sig úr öðrum sviðum en því sem þeir eru nákvæmlega að læra. Ég hef áhuga á að bæta við mig gráðu í leikmyndahönnun en ætla að sjá til eftir ljósaðhönnunina.“ – *Segðu mér aðeins frá skólanum.* „Skólinn er stofnaður 1906 og heitir The Central School of Speech and Drama, kallaður Central í daglegu tali. Hann er einn af stærstu skólunum í Evrópu sem býður upp á alhliða leikhúsnám. Þar er semsagt ekki aðeins hægt að læra að leika heldur allt frá ljósa- og leikmyndahönnun yfir í kóreógrafi, leikstjórn og brúðugerð og –leikhús. Einnig er hægt að læra ýmsa þætti sem viðkoma rekstri leikhúsa; að vera ljósa- eða sviðsmaður og framleiða leikrit svo dæmi séu nefnd. Sviðsmenn, hljóðmenn og aðrir sem koma að leikhúsi hér á Íslandi hafa margir

Ísfirskir skátar á alheimsmóti

Hópur félaga úr skátafélaginu Einherjar – Valkyrjan á Ísafirði hélt til Englands í síðustu viku til að taka þátt í alheimsmóti skáta sem haldið er í Highland Park, norðaustan við London. Mótið stendur í um tvær vikur, frá 27. júlí til 8. ágúst. „Við erum tólf sem förum saman“, segir Ágúst Arnar Þráinsson, skáti. Alls fara um 420 íslenskir skátar á alheimsmótið og er hópur Íslendinga þegar kominn á staðinn til að undirbúa komu landa sinna.

hverjir ekki haft tækifæri til að sækja formlegt nám í sínu fagi ýmist vegna þess að það hefur ekki verið í boði verið of kostnaðarsamt eða hreinlega bara vegna þess að þeir hafa ekkert ætlað út í það sem þeir eru að gera, heldur hafa ilengst við það. Þess í stað hafa margir starfað tímabundið við leikhús erlendis til að leita sér að þekkingu en námið sem ég til með að taka skilar mér B.A. gráðu sem að sýnir svart á hvítu að ég er búinn að fara í gegnum ákveðna þjálfun. Inni í þessu er allt frá praktískum lærdómi um öryggisatriði og almennar starfsvenjur og vinnuferli, yfir í listrænu hliðina, hönnun, litateoríur og ýmiskonar tilraunastarfssemi. Mjög margir þekktir leikarar hafa sótt Central: Judy Dench, Rupert Everett, Carrie Fisher, Gael García Bernal, Kathleen Turner og Laurence Olivier. Þetta er flottur listi og hann er lengri. Ég gerði mér eiginlega ekki grein fyrir því fyrr en nú nýlega hversu margir virtir, þekktir og virkilega góðir leikarar koma úr þessum skóla. Mér finnst svolítið magnað að fá tækifæri til að snerta við þeim anda og þeim grunni sem menntun þeirra byggir á.“

–Hvað er þetta langt nám?
„Námið er þrjú ár en vegna reynslu minnar hjá Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu hafa skólaþráir-völd boðist til að stytta námið niður í tvö ár. Ég mun samt skoða það nánar þegar ég kem út og skólinn getur metið kunnáttu mína. Ég veit þó að mörg af námsmarkmiðum fyrsta árs hef ég þegar uppfyllt í starfi mínu hjá stóru leikhúsunum. Erendis er þó gerður mun strangari kröfur um hvernig hlutirnir eru unnir. Þar eru viðhafðar starfsvenjur ólíkar þeim sem tíðkast hérlendis enda færri starfsfólk og aðrar aðstæður hér heima. Það kemur því bara í ljós hvernig skólinn metur vinnu mína.“

–Heldurðu að þú hafir fengið einstok tækifæri innan ljósabransans, komandi úr svona litlu samfélagi þar sem þú gast fljótt unnið þig upp?
„Myndirnar frá þeim sýningum sem ég lýsti á Ísafirði, félagsstarfið sem ég tók þátt í og tækifærin sem ég fékk í kjölfarið komu mér inn í þennan skóla. Ekki bara reynslan úr stóru leikhúsunum. Það er hinsvegar frekar sjaldgæft að hafa National Theatre á feril-

skranni og það þykir góður pappír erlendis. Smæð Ísafjarðar og Íslands hafa gert mér það kleift að grípa ákveðin tækifæri sem bjóðast ekki hverjum sem er úti í heimi og ég er þakklátur fyrir það. Mér skilst að árlega sækji um 200 manns um að komast í ljósaönnun við Central en aðeins 6-8 hleypt inn. Ég held að þarna úti finnist þeim spennandi að vera með einhvern frá svona litlu landi eins og Íslandi.“

–Hvernig kom það til að þú valdir þennan tiltekna skóla?
„Ég var búinn að skoða skóla sem kenna ljósaönnun um í nokkurn tíma, þar á meðal í Finnlandi, auk þess sem ég var búinn að hugleiða að fara til hinna Norðurlandanna. Ég endaði inni á síðu þar sem hægt er að sækja um í öllum skólum á Bretlandi. Þar leitaði ég eftir námskeiðum sem ég hafði áhuga á að taka og þessi skóli kom upp. Ég hafði skoðað þennan skóla þegar ég fór fyrst að svipast um eftir námi í ljósaönnun, fyrir 4-5 árum síðan.“

–Hvenær ferðu til Lundúna?
„Ég fer út nú í haust, skólinn hefst 1. október, en ég geri ráð fyrir að fara út þegar í september. Ég er þegar farinn að svipast um eftir íbúð og það eru nokkrir skólkassar og kútaskápar sem eru í sigtinu,“ segir Friðþjófur glettnislega. „Menn verða að vanda valið og stökkva ekki á það fyrsta sem býðst. Kærastan mín, Kristín Halla Kristinsdóttir ætla að koma með mér út og hún hefur verið að leita að íbúðum með mér. Hún lýkur B.A. gráðu frá Háskóla Íslands nú í haust og stefnir að fá sér vinnu úti fyrst um sinn en hyggst svo, þegar fram líða stundir, sækja nám þarna í sínu fagi.“

–Eitthvað hlýtur svona nám að kosta, ekki satt?
„Jú, þetta er frekar dýrt nám, árið kostar 12.000 pund fyrir þá sem búa utan Bretlands, eða tæpa 1,5 milljón króna. Lánasjóður íslenskra námsmanna lánar ekki fyrir þessu nema að hluta til og er það reyndar ný tilkomið þ.e. lán fyrir skólagjöldum grunnnáms og ég fæ lánað fyrir um helmingi kostnaðarins frá LÍN. Restina ætla ég mér að töfra fram með því að herða sultarólina auk þess sem Sparisjóður Vestfjarða hefur boðið mér góða þjónustu til að ég geti látið drauminn rætast. Einnig hef ég biðlað til fyrirtækja og sjóða og



reynt að fá styrki. Ég vona að tekið verði vel í það, sérstaklega með tilliti til þess hvað vantar marga í stéttina hér heima.“

– Er ekkert mál að fá vinnu sem ljósaönnuður á Íslandi, ákveðir þú að snúa aftur heim að námi loknu?
„Það hefur orðið mjög lítil endurnýjun í bransanum hér á landi síðustu árin. Ég held ég sé ekki að ljúga mikið þegar ég segi að það hafi engin endurnýjun orðið síðustu 10 árin, hvort sem það er í ljósaönnuninni eða leikmyndahönnun. Hönnuðirnir heltast síðan úr lestinni eftir því sem þeir eldast – sérstaklega með síauknum hraða í tækninýjungum – og eftir sitja fáir hönnuðir um margar sýningar. Það er í sjálfu sér mannekla í þessum bransa í dag og mun væntanlega aukast. Byggingu tónlistarhúss í Reykjavík á

Gestum fjölgar hjá Mánafelli

Töluverð aukning hefur verið á gistingu á Mánafelli hjá íbúðargistingunni Guesthouse Mánafelli í Bolungarvík frá því að starfsemi hófst í fyrra. Að rekstrinum stendur Arndís Hjartardóttir og dætur hennar fimm; Guðrún Benný, Elísabet, Ingibjörg, Arndís og Sigríður Ágústa. Allar íbúðirnar eru staðsettar í Stigahlíð og voru flestar þeirra keyptar af Bolungarvíkurkaupstað en tvær voru í einkaeigu. Konurnar réðust í miklar endurbætur á húsnæðinu og nú eru fimm íbúðir leigðar út í skammtímaleigu en allar hinar eru leigðar út til langs tíma. Arndís býður bæði upp á uppabúin rúm og svefnpokagistingu.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
löggiltur fasteignasali
Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason
löggiltur fasteignasali
Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
Heimasíða: www.fsv.is

| | |
|---|---|
| <p>Fagraholt 1, Ísafirði</p> <p>189 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð, þar af er bílskúr 45 m², uppgert eldhús, fjögur svefnherbergi.</p> <p>24.500.000,-</p> | <p>Fjarðarstræti 27a, Ísafirði</p> <p>233 m² nýlegt parhús á tveimur hæðum með kjallara og bílskúr, fjögur herbergi. Húsið var byggt árið 2000.</p> <p>27.500.000,-</p> |
| <p>Hrannargata 3, Flateyri</p> <p>Steinsteypt hús á tveimur hæðum með 3 íbúðum. Á jarðhæð er 127 m² íbúð með sérinnangangi. Eftir hæð er einnig 127,5 m² og er skipt niður í tvær íbúðir.</p> <p>Tilboð óskast</p> | <p>Hafraholt 14, Ísafirði</p> <p>Raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, samtals 166 m², eldhús nýlega endurnýjað.</p> <p>19.300.000,-</p> |
| <p>Aðalstræti 16, Bolungarvík</p> <p>75 m² einbýlishús úr timbri með steypum kjallara, 500 m² eignarlóð fylgir. Vel staðsett í bænum, tilvalið sumarhús fyrir brottflutta vestfirðinga.</p> <p>7.500.000,-</p> | <p>Seljalandsvegur 72, Ísafirði</p> <p>112 m² steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum, þrjú svefnherbergi, fallegur garður og gott útsýni.</p> <p>12.900.000,-</p> |
| <p>Fjarðarstræti 6, Ísafirði</p> <p>Fjögurra herbergja íbúð á 2. hæð til hægri í fjölbýli ásamt geymslu í sameign, samtals 123 m² að stærð.</p> <p>12.300.000,-</p> | <p>Brautarholt 9, Ísafirði</p> <p>140 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 34,4 m² bílskúr. Fimm svefnherbergi, baðherbergi endurnýjað.</p> <p>21.000.000,-</p> |
| <p>Míðstræti 10, Bolungarvík</p> <p>170 m² einbýlishús á tveimur hæðum, fjögur svefnherbergi.</p> <p>11.000.000,-</p> | <p>Sættún 7, Suðureyri</p> <p>131 m² steinsteypt einbýlishús á einni hæð ásamt 43 m² bílskúr, samtals 174 m² að stærð. Fallegur garður.</p> <p>10.000.000,-</p> |

Blaðamaður

Blaðamaður óskast til starfa á Bæjarinis besta og bb.is frá og með 1. september nk. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri íslenskukunnáttu, vera vinnusamur og lipur í samskiptum. Þarf að hafa góða almenna þekkingu, einkum á því sem við kemur Vestfjörðum.

Uppl. gefur Sigurjón í síma 456 4560.

Nýr leikmaður til KFÍ

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar hefur gert samning við amerískan leikmann að nafni Chris Isom. Hann lék með East Texas Baptist í Texas í vetur og var með 22.2 stig og 10.3 stig í leik. „Þetta er fjölhæfur drengur sem kemur til með að falla vel að leik KFÍ og bjóðum við hann velkominn“, segir á vef KFÍ. Þess má til gamans geta að um er að ræða tvíbura-bróður Cedric Isom sem leikur hjá Þór Akureyri í vetur.

Burrkur tekur toll af berjasprettunni

Útlit er fyrir að ber spretti í fyrra fallinu í ár en hætta er að sprettan verði lítil vegna langvarandi þurrka sem hafa verið í sumar. Garðyrkjufræðingurinn Ásthildur Cesil Þórðardóttir á Ísafirði, segir að raka þurfi meðan sætukopparnir eru að myndast til að spretta verði góð. Því myndi ekki duga til þó færi að rigna hressilega það sem eftir er sumars. „Það er þó nóg af stöðum þar sem raki er í jörðinni og aðstæður þannig að þar verður ágæt spretta þrátt fyrir þurrk. En á melum og á þurrari svæðum er hætta á að sprettan verði ekki góð“, segir Ásthildur.

Hefur ekki trú á að fólk flykkist til Vestfjarða til að vinna í stóriðju

Grimur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, svarar áskorun sveitunga síns, Flosa Jakobsenar, á blogg sínu sinni, en í síðasta blaði gagnrýndi Flosi sveitarstjórnarmenn sem tala gegn olíuhreinsistöð fyrir að benda ekki á neitt annað sem gæti komið í staðinn. Grimur hefur ekki trú á að fólk flykkist til Vestfjarða til að vinna í stóriðju og spyr hver eigi að vinna þar. Hann spyr einnig hvert eigi að vera hlutverk landsbyggðarinnar í framtíðinni. Hann veltir því

einnig upp hvort það sé eftirsóknarverð framtíðarsýn að stjórnsýslan, fjármálagæirinn, menntastofnanir, sprotafyrirtækin, svo fætt eitt sé nefnt, verði fyrir sunnan og stóriðjan á landsbyggðinni.

Grimur bendir á eitthvað annað, eins og hann kallar það og segir lyklatríðin vera ferðaþjónustu, menntamál, samgöngur, heilbrigðismál og landbúnað. Grimur nefnir Hornstrandir, Látrabjarg og Rauðasand sem þekkt svæði á alþjóðavettvangi og segir

þau búa yfir gríðarlegum möguleikum. Hann kemur með þá hugmynd að stofna deild í ferðamálfraeðum við deild Háskóla Íslands á Ísafirði.

Bæjarstjórinn setur spurningamerki við uppbyggingu hátækisjúkrahúss í Reykjavík og segir að á landsbyggðinni séu reknar litlar hagkvæmar einingar sem beri að efla. Þá sé rekstrarvandi öldrunarheimila á höfuðborgarsvæðinu vel þekktur, mikil starfsmannavelta, yfirfull heimili og segir Grimur það

vera góða mótvægisáðgerð að efla hjúkrunarheimili á landsbyggðinni.

Naudsynlegt er að byggja upp öflugt háskólasamfélag á Vestfjörðum, að mati Gríms. Veiðafærarannsóknir og rannsóknir á Norður Atlantshafi eru kjörin vettvangur fyrir háskóla og segir Grimur þessi tvö svið vera vettvangur fyrir heilan háskóla. Grimur nefnir einnig að iðnháskóli og listaháskóli eigi vel heima fyrir vestan. „Háskólasamfélagi fylgja fjölmörg afleidd störf

og mun eftirsóknarverðari en þau sem olíuöndurinn útvegar“, segir í færslu Gríms.

Stórefla þarf samgöngur, bora í fjöll og lengja flugbrautir til að efla samkeppnishæfni Vestfjarða. Fjarskiptamál og dreifing raforku á Vestfjörðum þarf að efla, segir Grimur. Með því má auka öruggi og stöðugleika í gagnaflytningi og segir Grimur það vera nokkuð sem hefur mikla þýðingu í nútíma samfélagi. Fjarvinnsla, gagnageymsla, uppbygging menntastofnana

og fyrirtækja almennt byggir á því að þessi atriði séu í lagi.

Grimur sér sóknarfæri í landbúnaði. Vestfirskt fê hafi ekki sýkst af riðu- og garnaveiki svo vitað sé og sér Grimur verðmæti í því sem hægt sé að nýta. Hægt er að fullvinna slóg á Vestfjörðum og nota það til áburðar og skapa hina hreinu grænu mynd. Að lokum segir Grimur: „Tækifærin eru fjölmörg og þau eru vandi-punkturinn. Það er ljóst og þau verður að skoða áður en hlaup- ið er á eftir patentlausnum.“

Sjálfvirkt tilkynningakerfi í alla sjóstangaveiðibáta

Búið er að koma fyrir sjálfvirku tilkynningakerfi í öllum sjóstangaveiðibátum Hvíldarkletts ehf. á Suðureyri. Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri Hvíldarkletts, segir að tækin auki öryggi stangaveiðimannanna til muna. Í þar síðustu viku hófst leit að einum báta frá fyrirtækinu en ekkert hafði spurst til hans í einhvern tíma. Ekkert amaði þó að. Að sögn Elíasar voru tækin ófáanleg þar til nú og komu tækin beint frá framleiðanda.

Oll vinna við tækin er lokið af hálfu Hvíldarkletts og bjóst Elías við að búið yrði að skrá þau í tilkynningakerfið í síðustu viku. Sjálfvirkt tilkynningakerfi (STK) fyrir íslensk fiskiskip, 24 metrar og styttri, var tekið í notkun í maí árið 2000. Í fyrstu var það rekið af Slysavarnafélagsins Landsbjörgu samkvæmt samningi á milli samgönguráðuneytisins og Landsbjargar sá það síðarnefnda um rekstur og framkvæmd sjálfvirku

tilkynningarskyldunnar. Síðar tók Landhelgisgæslan yfir rekstur kerfisins. Kerfið nýtir sér fjar-skiptatækni við að flytja sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu skipa og báta til Vaktstoðvar siglinga sem rekin er af Landhelgisgæslunni. Staðsetningar eru fengnar í gegnum GPS-staðsetningakerfið. Stærri skipin tilkynna sig á 12 tíma fresti en minni bátar og skip tilkynna sig sjálfvirkt á 15 mínútna fresti. Í dag eru tæplega 1.500 skip í vöktun.



Loftnet tækisins komið fyrir á einum báta Hvíldarkletts. Mynd: Þorgeir Baldursson.

STAKKUR SKRIFAR

Minumst Einars Odds

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Athugi vekur hve margir þjóðþekktir karlar og konur hafa minnst Einars Odds Kristjánssonar alþingismanns frá Flateyri. Engan þarf að undra. Þótt ekki færi Einar Oddur hátt eða með látum vissu þeir sem til þekktu, að verka hans sá víða stað og mun svo verða um langa hríð. Vel á annað þúsund manna vottuðu honum virðingu sína í Hallgrímskirkju 25. júlí síðastliðinn og margir komu vestur á Flateyri til að fylgja honum síðasta spölinn. Það er eiginkonu, börnum og fjölskyldu huggun að vita af þessari miklu samstöðu í íslensku samfélagi.

En hvernig er verður Einars Odds og hans merka framlags til stjórnmála og þjóðlífs á Íslandi best minnst? Það var afar vel til fundið hjá Morgunblaðinu að birta hið ágæta síðasta viðtal úr BB við Einar Odd. Hann birtist, eins og áður hefur verið að vikið, sem einlægur landsbyggðarmaður, sterkur karakter, sem gerði sér glögga grein fyrir þörf samfélagsins fyrir fjölbreytni. Landsbyggðin, hagur hennar og staða skiptu Einar Odd miklu. Hann haggðist ekki svo í stormum sinnar samtíðar að gleyma því að fólk býr við- ar en á þeim svæðum sem bera póstnúmer er hefjast á tölustöfum 1 og 2. Kjarni máls hans var sá, að þjóðin hefði ekki gott af því að byggð legðist af utan nefndra pósthóla.

Nú reynir á það að þeir, sem hafa af heilum hug vottað hinum látna tals-

manni landsbyggðar á Íslandi virðingu, sýni í verki að alvara fylgi því þegar rætt hefur verið um framlag hans til íslensks samfélags. Fremstir fara forsvarsmenn á Alþingi og í ríkisstjórn. Þar gerast hlutirnir, því að þeir eiga þátt í stefnumótuninni og taka ákvarðanir sem skipta líf fólks utan pósthóla- anna öllu um leið og kreppir að lífskjörum þess vegna aflaleyfis í kjölfar kvótaminnkunar.

Vitað er að Einari Oddi var mikið áhugamál að bæta kosti til menntunar á öllu landinu, ekki bara í pósthólfunum og nágrenni þeirra. Þá verður þörf nýrrar hugsunar. Forráðamenn Íslendinga fá nú tækifæri til að sýna kjark og þor og brjóta nýtt land á akri menntunar á Íslandi. Hverja skoðun sem fólk hefur á því að setja á fót hvern háskólann á fætur öðrum er ljóst að menntun er lykill að betri framtíð. Það hefði Einar Oddur viljað. En meira þarf til. Skapa þarf kosti til að samfélag fái þrífist með fjölbreyttum hætti um allt Ísland.

Háskólamenntun er ein leið, ekki endilega í því formi að setja á stofn hvern smáháskólann á fætur öðrum, heldur með því að skapa færi á því að akademísk menntun og umhverfi fái þrífist á fleiri stöðum en í áður nefndum pósthólfum. Þá fylgir meira á eftir.

Mannlífið

Blogg Ólínu Þorvarðardóttur

<http://olinathorv.blog.is/olinathorv/>

„Þá er sumardaginn tekið að stytta á ný. Það er svolítið sérstök tilfinning þegar aftur fer að húma á kvöldin og götuljósín kvikna. Sjálf fæ ég alltaf einhver fiðring þegar skyggja tekur – þá vikur náttúrubarnið innra með mér smám saman fyrir borgarbarninu. Mér finnst haustið vera tími borgarlífs - á sama hátt og vorið og sumarið laða mann til fundar við náttúruna. Sé ég ekki stöð í borginni þegar húma tekur á kvöldin verður mér yfirleitt hugsað til hennar.“

Smáauglýsingar

Til sölu er fallett og vel með farið Hyundai pianó. Upplýsingar í síma 897 6733.

Vel með farið en ódyrt götuhjól óskast fyrir fullvaxta karlmann. Uppl. í síma 693 3916.

Til sölu eru hestar frá Laugabóli við Ísafjarðardjúp. Hross á ýmsum aldri m.a. nokkur þriggja vetra tryppi. Fjölbreyttir litir. Einnig eru til sölu þurrheyrullur. Uppl. í síma 456 4849 eða 553 7368.

Vegna flutninga eru til sölu fjórir eldhússtólar og nýr, vandaður amerískur svefnsofi. Uppl. í síma 869 6071.

Til sölu er tengdamömmubox sem tekur 50 kg. Upplýsingar í síma 866 0571.

Til sölu eru 6 og 9 vetra gamlar hryssur. Uppl. í síma 846 7477.

Til sölu er úrvalsgott rúlluhey. Uppl. í síma 895 4115.

Til sölu er hillusamstæða og sófaborð. Uppl. í síma 663 7375.

Til sölu er barnakerra. Verð kr. 10 þús. Uppl. í síma 663 9736.

Til sölu er Coleman Sedona, 9 feta fellihýsi með gasmiðstöð og nýrri eldhúseiningu. Verð kr. 280 þús. Upplýsingar í síma 897 6293.

Til sölu er Jodel D-117A, 2ja sæta, skemmtileg og hagkvæm flugvél. Stuttbrautaeiginleikar. Ber 2 með fulla tanka, 4:30 klst. Ljósmyndalúga. Fin í Reykjafjörð eða Fljótavík. Uppl. gefur Jón Karl í síma 898 6033.

Til sölu er WV Transporter húsbíll, árg. 1985, dísel. Í bílnum er gas ísskapur og eldaveið og upp-hækkaður toppur. Bíllinn er til sýnis hjá Bilatanga. Tilboð óskast. Uppl. í símu 456 3193, 456 4580 og 896 3193.

Til sölu eru góð Bridgestone sumardekk. Stærð 205/70 R15 á felgum. Passar undir Subaru Forrester. Uppl. í síma 865 9637.

Til sölu er vel með farið Hyundai pianó. Uppl. í síma 897 6733.

Til leigu er lítið hús á Ísafirði í sex til tólf mánuði. Aðeins reuklausir og reglusamir leigjendur koma til greina. Hafid samband á netfanginu harpa@kjartan.biz

Til sölu er Coleman Pioneer fellihýsi, 9 fet, árg. 93. Verð kr. 290 þús. Uppl. í símu 863 6107 eða 456 6249.

Til sölu er lítið notuð Canon EOS 20D myndavél (body). Selst á góðu verði. Á sama stað er til sölu Canon 70-200 zoom linsa (hvít). Uppl. gefur Sigurjón í síma 892 5362.

Hlíðarvegspúkar! Hið árlega Hlíðarvegspúkapartý verður haldið laugardaginn 11. ágúst.

Til sölu er BMW 520iA árg. 98. Góður bíll. Upplýsingar í síma 692 0314.

Spurning vikunnar

Hyggur þú á búferlaflutninga frá Vestfjörðum á næstu mánuðum?

Alls svöruðu 665.

Já sögðu 175 eða 26%

Nei sögðu 411 eða 62%

Óvíst sögðu 79 eða 12%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Fékk sér ref fyrir barnabörnin

Kristján Einarsson úr Önundarfirði á óvenjulegt gæludýr, refalæðu sem ber nafnið Birta. Svo vill til að Kristján er einnig refaskytta og þekkir því vel þessi dýr. Samkvæmt frjálsa alfræðiritinu Wikipedia hafa veiðar á refum verið stundaðar allt frá landnámi. Talið er að refir hafi komið til Íslands þegar í lok síðustu ísaldar fyrir um 10.000 árum og hafi upphaflega borist hingað með hafis. Íslenski refastofninn er mjög sérstakur vegna langvarandi einangrunar frá öðrum refastofnum og aðlögunar að sérstökum aðstæðum hérlendis enda greind sem sérstök undirtegund. Áætlað er að íslenski refastofninn árið 2007 sé á bilinu 6000 til 8000 dýr. Bæjarins besta hafði samband við Kristján og forvitnaðist um það hvernig það sé að taka að sér ref.

– Hvernig kom það til að refaskytta tók að sér ref fyrir gæludýr?

„Það var nú aðallega gert fyrir barnabörnin mín, þau hafa gaman að þessu. Ég hef haft ref nokkrum sinnum áður.“

– eru barnabörnin hrifin af honum?



„Já hann er vinsæll og krakkarnir í hverfinu hópast í kringum hann þegar þeir sjá hann. Börnin nefndu hana Birtu þó ég viti ekki af hverju, en þau eru ógurlega hrifin af honum.“

– Hvernig ferðu að því að taka að þér ref?

„Ég tek þá á meðan þeir eru í greni. Þessi sem ég er með núna er læða sem ég tók frá þegar ég fann greni, en sjö yrdlingar voru í greninu.“

– Hve gömul er Birta?

„Ég geri ráð fyrir að hún sé fædd um miðjan maí, en það er gottíminn hjá læðunni.“

– Er ekkert erfitt að hafa ref?

„Ekki svo mikið þegar þeir eru hvolpar, greyin, en svo kemur eðlið upp í þeim og þeir verða erfiðari í umgengni.“

– Gerir það þig að betri refaskyttu að kynnst refnum svona náíð?

„Já það gerir það. Það er nokkuð um að refaskyttur taki að sér hvolpa, ég hef allavega heyrt af þeim víða.“

– Nú hefur verið mikið í umræðunni að ref hafi fjölgað mikið, hefur þú tekið eftir því?

„Ég hef ekki tilfinningu fyrir því á því svæði sem ég er



Refir eru óneitanlega fallegar skepnur.

með refavinnslu, sem er Önundarfjörður og Mýrarhreppur forni. Mér finnst fjöldinn vera ósköp svipaður og hann hefur verið. Ég hef farið mjög víða um svæðið og fundið fjöldann allan af grenjum sem hafa verið virk áður en það er ekki að finna ref í þeim nú.

Það hefur komið mér á óvart hvað það er lítið af ref á grenjum sem ekki hefur verið hreyft við lengi.“

– Hve lengi hefurðu verið refaskytta?

„Ég hef verið við þetta í sjö-átta ár. Ég hef legið í þessu núna undanfarið. Síðan seint í vetur er fjöldi veiddra dýra svona rétt um hundrað. Ég var búinn að fara víða og sinnt þessu vel í ár. Ég var svo stoppaður af þegar peningarnir voru búnir.“

– Heldurðu að þú munir taka aftur að þér ref einhvern tímann?

„Ég veit það ekki, það er mikið stúss

í kringum þetta svo það er erfitt að segja.“

– Nú eru refir af hundaætt, er hægt að temja ref eins og hund?

„Nei, ég held að það yrði allavega óskaplega erfitt og hef ekki heyrt til þess að það hafi nokkurn tímann

verið gert. Þeir verða svo erfiðir þegar þeir eldast, en það er aldrei að vita nema hægt sé að gera það með mikilli vinnu.“

– Hefurðu náð í ref fyrir aðra?

„Það hef-

ur nú ekki verið mikið um það. Ég náði í einn fyrir Henry Bæringsson á Ísafirði og Helga í Botni það mig um að koma með ref í gæludýragarð Sæluhelgarinnar. Ég gerði það og hann var mjög vinsæll,“

segir Kristján og ekki að undra að börnin hrífist af Birtu

enda eru refir fallegar skepnur þótt þeir hafi í gegnum tíðina oft verið bændum og búaliði til ama þar sem þeir eru skæðir keppnautar um fugla sem er aðalfæða þeirra á Íslandi.



Börnin eru afar hrifin af Birtu.

Kristján með Birtu.

Ragnheiður og Sigurður sigruðu

Sigurður H. Hafsteinsson og Anna Ragnheiður Grétarsdóttir sigruðu á golfmóti Endurskoðunar Vestfjarða sem fram fór á Syðridalsvelli á sunnudag. Tæplega 90 kylfingar mættu til leiks og er það mesti fjöldi sem nokkurn tímann hefur tekið þátt í golfmóti hjá Golfklúbbi Bolungarvíkur. Sigurður lék á 73 höggum eða einu höggi yfir pari vallarins. Í kvennaflokki án forgjafar stóð Anna Ragnheiður Grétarsdóttir uppi sem sigurvegari en hún lék á 80 höggum. Í unglíngaflokki án forgjafar sigraði Ernir Steinn Arnarsson sem lék holurnar 18 á 76 höggum. Orri Örn Arnason bar sigur úr býtum í karlaflokki með forgjöf en hann lék á 64 höggum nettó og Hjördís Bjarnadóttir sigraði í kvennaflokki með forgjöf og lék hún á 67 höggum nettó.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Hvöss austanátt með rigningu, en þurru norðaustantil. Fremur milt í veðri. **Horfur á laugardag:** Suðaustlæg átt og vætusamt, einkum sunnanlands. Milt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Norðlæg eða breytileg átt og áfram vætusamt. Kólnandi veður.

Sumarvinnan mín!

Kristín Gréta Bjarnadóttir er ein af starfsstúlkum sjöppunnar Hamraborgar á Ísafirði. Kristín er 15 ára gömul og var að klára 9. bekk. Hún segist ekki vera farin að hugsa um hvað hún gerir eftir grunnskólann, en gerir ráð fyrir að fara í Menntaskólann á Ísafirði. Þetta er fyrsta sumarið sem hún vinnur í Hamraborg. Kristín segir vinnuna eðlilega aðallega felast í að afgreiða viðskiptavinum sjöppunnar, en auk þess sér starfsfólkið t.d. um að baka pítsurnar vinsælu.



–Hvernig finnst þér vinnan í Hamraborg?
„Mér finnst hún mjög skemmtileg, hér er góður vinnuandi.“

–Hvað vinna margir í Hamraborg?

„Ég er ekki alveg viss, við erum nokkuð mörg, aðallega samt stelpur á mínum aldri.“

–Hefurðu áður unnið við afgreiðslustörf?

„Nei, aldrei áður. Eina blóma, nú þegar sólin hefur leikið við Vestfirðinga? af þesum hefðbundna ís með dýfu, en svo er bragðarefurinn líka vinsæll.“

–Eru ísviðskiptin ekki í ísa í sumar. Fólk fær sér mikið



Sælkeri vikunnar er Kristín Ósk Egilsdóttir í Suðureyri

Kjúklingasalat og kókosbollu-jummí

Sælkeri vikunnar býður upp á dýrindis kjúklingasalat og segir Kristín að í raun megi setja út í það hvaða grænmeti og ávexti sem er, allt eftir því hvað til er í ísskápnunum. Eftirréttinn kallar Kristín Kókosbollu-jummí og óhætt er að segja að hér sé á ferð kaloríubomba sem afar fáir geta stað-ist.

allt grænmetið og blandið saman. Loks er kjúklingnum bætt út í. Mjög gott er að rífa parmesan yfir eða setja Feta ost. Fyrir þá sem vilja er hægt að hella smá olíu og ediki yfir þegar salatið er borið fram.

Kókosbollu-jummí

- 1 stór poki Nóakropp
- 1 botn púðursykur-marens
- 3-4 kókosbollur
- 2 öskjur jarðaber
- 2 pelar rjómi

Kjúklingasalat

- 2 kjúklingabringur
- 1 poki af blönduðu salati eftir smekk
- 1 paprika
- 1 rauðlaukur
- 1 búnt vorlaurkar
- 1 box kirsuberjatómatar
- 1/2 gúrka
- 1 mangó eða ferskur ananas
- 1 pera
- Parmesan
- Feta ostur
- Ólífuolíu og hvítt balsam-edik

Steikið kjúklingabringurnar á pönnu eða grillið. Kryddið eftir smekk, með salti og pipar, og jafnvel einhverju sterku. Skerið í strimla og leyfið kjúklingnum að kólna smá. Hellið salatinu í skál og skerið

Setjið botnfylli af Nóakroppi í skál eða form. Þeytið rjómann og hyljið Nóa kroppið með helmingnum. Myljið marens botninn og setjið ofan á. Kókosbollurnar koma næst. Dreifið úr þeim með gaffli. Skolið jarðaberin og skerið í litla bita og dreifið yfir. Setjið að lokum hinn helminginn af þeytta rjómanum yfir allt saman. Geymið í kæli í nokkrar klukkustundir áður en borið er fram. Skreytið eftir smekk t.d með kiwi, Nóakroppi eða berjum.

Ég skora á Kristbjörgu Unni Sigurvinsdóttur á Suðureyri að verða næsti sælkeri vikunnar.



Þrjár hressar stelpur hélðu tombólu á Ísafirði fyrir skommu og sofnuðu yfir tvo þúsund krónum. Þær Natalia Osp Ómarsdóttir, Emma Rúnarsdóttir ákváðu að láta peningana renna til Rauða krossins þar sem þær sögust vita að peningarnir yrðu notaðir til að hjálpa bágstodnum bornum úti í heimi. Það tók þær átta daga að safna upphæðinni. Þeim til aðstoðar var Júlíana Lind Skaftadóttir.

Sumarvinnan mín!

Þó að Kristján Sigmundur Einarsson sé titlaður spámaður í símaskránni er það ekki eina vinnan hans því í sumar hefur hann unnið við hellulagningu hjá verktafyrirtækinu Áseli á Ísafirði. Kristján kann vel við sig í hellulagningunum og hann segir samstarfsfólk sitt vera skemmtilegt. Á veturna er Kristján í Menntaskólanum á Ísafirði og mun hann hefja sitt þriðja námsár þar í haust. Einhverjir ættu líka að kannast við Kristján úr tónlistarlífi Ísafjarðar en hann hefur meðal annars spilað á gítar með hljómsveitinni Appollo.



Kristján (lengst til vinstri) ásamt yfirmanni sínum og samstarfsstólku.

„Þetta er þriðja sumarið sem ég vinn við hellulagningar hjá Áseli. Ég kann mjög vel við mig í þessu starfi.“

–Er þetta ekki erfið vinna?
„Jú, stundum er þetta erfið, en yfirleitt er þetta bara skemmtilegt.“

–Ertu kominn með sterka bakvöðva eftir alla vinnuna?

„Etlí ég sé ekki frekar orðinn bakveikur,“ segir Kristján glottandi.

–Hvar hafið þið verið að helluleggja í sumar?

„Við höfum aðallega verið að vinna við að klára planið við Edinborgarhúsið, svokallað Edinborgartorg. Lítið annað hefur komist að.“

–Getur þú hugsað þér að vinna hjá Áseli aftur næsta

sumar?
„Já, ég get vel hugsað mér það. Kaupið er gott og yfir-

maður minn ákaflega sanna-gjarn maður,“ segir Kristján að lokum um leið og hann stillir sér upp fyrir myndatöku með yfirmanni sínum og samstarfsstólku.



Sumargisting í Reykjavík
EYJASÓL ÍBÚÐIR
3ja herb. íbúðir með öllum húsbúnaði til leigu í Norðlingaholti. Gisting fyrir 4-6. Innifalin sængurver og handklæði. Nettenging og gasgrill. Tvær eða fleiri nætur fyrir fjölskyldufólk.
eyjasolibudir.is Símar: 8986033 og 6989874

Dæmdur í fjögurra og hálfis árs fangelsi

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann á sextugsaldri í fjögurra og hálfis árs fangelsi fyrir tilraun til manndræps. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhald ákærða sem hann hefur sætt frá 9. júní sl. Þá var manninum gert að greiða eiginkonu sinni eina milljón krónur í bætur ásamt dráttarvöxtum auk þess sem honum var gert að greiða rúmar 1,4 milljónir króna í sakarkostnað. Bótakröfu sonar mannsins var vísað frá dómi.

Föstudagskvöldið 8. júní sl., fékk lögreglan á Vestfjörðum tilkynningu um að maður hefði skotið að konu sinni á heimili þeirra í Hnífsdal. Samkvæmt frumskýrslu lögreglu var maðurinn með skotvopn innandyra en konan hafði komist undan og hlaupið í annað hús. Vopnaðir lögreglumenn fóru á vettvang og gerðar voru öryggis ráðstafanir til að tryggja öryggi nærstaddra. Hlúð var að brotaþola, sem virtist ekki hafa hlotið alvarlega áverka, og hún flutt í sjúkrahúsið á sjúkrahúsið á Ísafirði.

Meðan beðið var sérsveitar ríkislögreglustjóra varð lögregla vör við ákærða í húsinu. Lögreglumaður náði símasambandi við ákærða sem svo sleit samtalinu. Ákærði kom síðan út úr húsinu í stutta stund. Hlýddi hann ekki fyrirskipunum lögreglu um að leggjast niður og hraðaði sér aftur inn í húsið. Er sérsveitarmenn komu á vettvang náðu þeir tali af ákærða kl. 01.43, er hann kom í dyragættina, og með hvatningu þeirra fékkst ákærði til að koma til móts við þá og var hann yfirbugaður kl. 02.17 og handtekinn. Með-

an lögregla var á vettvangi hafði skothvellur heyrst úr húsinu. Síðar fundust ummerki um skot á barnastól og gólf í efri hæð hússins.

Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram að við ákvörðun refsingar er einkum að líta til þess að brot mannsins beindist að lífi og heilsu konu hans. Ákærði skaut með haglabyssu af stuttu færi og var verknaður hans því stórhættulegur og hending ein að ekki hlaust bani af. Enda þótt líkamlegir áverkar hafi verið litlir hlýtur verknaður sem þessi að hafa mikil áhrif á líf hennar. Samkvæmt sakavottorði mannsins hefur hann ekki áður sætt refs-

ingu en þykir ásetningur hans ekki hafa verið styrkur og einbeittur. „Ekkert verður fullt um hvað honum gekk til með verknaði sínum en svo virðist sem hann hafi gripið til byssunnar í örvæntingu yfir því að kona hans hafi ætlað að yfirgefa heimilið. Að öllu þessu virtu og með hliðsjón af 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur og hálf ár. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhald sem ákærði hefur sætt frá 9. júní 2007 koma til frádráttar refsingu,“ að því er segir í niðurstöðu héraðsdóms. – bb@bb.is



Frá vettvangi í Hnífsdal.

Útför Einars Odds Kristjánssonar á Flateyri

Útför Einars Odds Kristjánssonar, alþingismanns, fór fram frá Flateyrarkirkju á laugardag að viðstöddu fjölmenni. Einar var síðan borinn til grafar að Holti í Öndarfirði. Húsfyllir var í kirkjunni, en athöfnin var sýnd á skjá í íþróttahúsi Flateyrar þar sem fjölmenni fylgdist með.

Þeir sem báru kistuna úr kirkju voru eftirtaldir: Agnes Bragadóttir, Ágúst Einarsson, Eiríkur Finnur Greipsson, Guðmundur Steinar Björgmundsson, Hinrik Kristjánsson, Steindór Haraldsson, Sturla Böðvarsson og Þórir Guðmundsson.

Fjölmargir ráðherrar og þingmenn voru við athöfnina. Ljós: Þorsteinn.



Byggingarleyfi á Birnustöðum fellt úr gildi

Byggingarleyfi vélageymslu á Birnustöðum í Ísafjarðardjúpi hefur verið fellt úr gildi. Úrskurðarnefnd byggingar- og skipulagsmála hefur kveðið upp þann úrskurð. Málsvik eru deilur landeigenda Birnustaða og eigenda sumarbústaðar á jörðinni um staðsetningu vélageymslu fyrir þá fyrrnefndu og á málið sér nokkra forsögu. Eigendur sumarhússins telja að vélageymslan standi of nálægt lóð þeirra og muni valda verulegum grenndaráhrifum og er þar helst minnst á útsýnisskerðingu, skugga- og snjóöfnun

og hávaðamengun frá vélum. Í úrskurði nefndarinnar er ekki fallist á að ekki hafi verið þörf á að deiluskipuleggja landið.

Tvær heimildir eru í skipulags- og byggingarlögum sem heimila að vikið sé frá skyldu til að gera deiliskipulag vegna fyrirhugaðra framkvæmda, m.a. 3. mgr. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga. Báðar fela þessar heimildir í sér undantekningu frá meginreglu laganna um deiliskipulagsskyldu og sæta því þröngri skýringu. Ekki verður fallist á að skilyrði hafi verið til þess að veita hið umdeilda byggingarleyfi með

stöð í heimildarákvæði 3. mgr. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga. Á ákvæðið við um þau tilvik þegar sótt er um leyfi til framkvæmda í þegar byggðum hverfum og vísar það til þéttbýlis, en ekki verður talið að bærjarhláð með íbúðarhúsi, vélaskemmu og hjalli ásamt nærliggjandi sumarhúsi geti talist þegar byggt hverfi í skilningi laganna.

Fyrir liggur að sveitarstjórn leitaði meðmæla Skipulagsstofnunar við útgáfu byggingarleyfisins. Laut erindi sveitarstjórnar að því að mælt yrði með byggingu vélageymsl-

unnar á þeim stað sem um var sótt á árinu 2004, eða níu metrum nær bærjarhláðinu en hið umdeilda leyfi heimilar.

Í svari Skipulagsstofnunar til byggingarfulltrúa, dags. 14. nóvember 2005, segir að stofnunin undrist að sveitarstjórn skuli fallast á staðarval vélageymslunnar þrátt fyrir augljósa útsýnisskerðingu og réttlát mótmæli eigenda íbúðarhúss sem fyrir sé á jörðinni.

Stofnunin gerði þó ekki athugasemd við að leyfi væri veitt fyrir byggingunni enda yrði virt ákvæði byggingarreglugerðar um fjarlægð bygg-

inga frá lóðarmörkum m.t.t. byggingarefna. Hefur sveitarstjórn vísað til þess að með þessu svari hafi verið aflað fullnægjandi heimildar til útgáfu hins umdeilda byggingarleyfis.

Það er niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að hvorki hafi legið fyrir heimild með stöð í grenndarkynningu né fullnægjandi meðmæli Skipulagsstofnunar sem hefðu getað verið grundvöllur að útgáfu hins umdeilda byggingarleyfis og verður það því fellt úr gildi.

Niðurstaða úrskurðarnefnd-

arinnar er að hvorki hafi legið fyrir heimild með stöð í grenndarkynningu né fullnægjandi meðmæli Skipulagsstofnunar sem hefðu getað verið grundvöllur að útgáfu hins umdeilda byggingarleyfis og verður það því fellt úr gildi. Breytir það ekki þeirri niðurstöðu að bygging hússins er svo langt komin sem raun ber vitni, enda hóf byggingaraðilinn framkvæmdir við bygginguna áður en umsókn hans um byggingarleyfi hlaut tilskilið samþykki byggingaryfirvalda og sveitarstjórnar.

– smari@bb.is